# Styrkumsóknir til borgarráðs 2018 - árleg úthlutun

| Málsnúmer | Umsóknarnr. | Sendandi | Ábyrgðaraðili | Heiti verkefnis og stutt lýsing | Umsagnir | Sótt um | Tillaga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R17100293 | P-2017-10-02-0151 | Móðurmál,fél um móðurmkennslu | Renata Emilsson Peskova | Stuðningur við móðurmálshópa - innkaup skólagagna: Móðurmál styður við móðurmálshópa sína með því að styrkja innkaup skólagagna tvítyngdra nemenda þeirra. | SFS | 400.000 | 400000 |
| R17100298 | P-2017-10-02-0132 | Móðurmál,fél um móðurmkennslu | Renata Emilsson Peskova | Tvítyngd móðurmálsbók: Nemendur samtakanna Móðurmál skapa sögur á sínu móðurmáli og þýða á íslensku. Bókin er gefin út rafrænt og gert aðgengileg. | SFS | 130.000 | 130.000 |
| R17100316 | P-2017-10-01-0358 | Sei ehf. | Sei ehf. | Reykjavíkurborg - Frá greiningu til greindar: Greining á sögu og þróun borgarskipulags Reykjavíkurborgar, ítarlegt stöðumat núlíðandi stundar og framtíðarspár með hjálp gervigreindar, mtt. byggingarkostnaðar, lýðheilsu, oþh. | USK | 5.000.000 | 1.000.000 |
| R17100010 | P-2017-09-29-0109 | Hjólafærni á Íslandi | Sesselja Traustadóttir | Hjólum til framtíðar - ráðstefna: Þetta er 8. ráðstefnan undir heitinu Hjólum til framtíðar og er haldin á föstudeginum í Evrópsku samgönguvikunni. | USK | 400.000 | 400.000 |
| R17090291 | P-2017-09-29-0040 | Miðgarður, Sjálfbært Grenndargr | Þórey Mjallhvít H Ómarsdóttir | Samfélagsleg ræktun í borgarbýlinu Seljagarði: Að koma á laggirnar félagslandbúnaðarkerfi í Seljagarði borgarbýli | USK | 710.000 | 500.000 |
| R17090282 | P-2017-09-27-0113 | Hjólafærni á Íslandi | Sesselja Traustadóttir | Almennur rekstrarstyrkur: Hjólafærni á Íslandi óskar eftir því við Reykjavíkurborg að hún styðji við almennt starf og rekstur félagsins. | USK | 4.000.000 | 1.000.000 |
| R17090232 | P-2017-09-25-0042 | Hjólakraftur slf. | Hjólakraftur Slf. | Hjólakraftur: Hjólakraftur starfar víða um borgina að því að koma unga fólkinu af stað. Vil líka tengja það eldri borgurum | USK | 3.700.000 | 1.000.000 |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R17090206 | P-2017-09-19-0017 | Gróður fyrir fólk,áhugasamtök | Björn Guðbrandur Jónsson | Starfsemi GFF á árinu 2018: Uppgræðsla örfoka lands á suðvesturhorninu með lífrænum úrgangsefnum og virkri aðkomu skólaæskunnar. | nei | 4.000.000 | 3.200.000 |
| R17100212 | P-2017-10-02-0272 | Matís ohf. | Sveinn Margeirsson | Climathon Reykjavik 2017: Climathon is a global 24-hour Climate Change hackathon which will take place the 27th, October simultaneously in 237 cities worldwide. | nei | 565.000 | Nei |
| R17100061 | P-2017-10-02-0297 | Paul Ramses | PAUL RAMSES ODUOR | Tears children and youth aid: A non profit, not religious, registered NGO that supports orphans, vulnerable children to go to school and single and empowerment. | SFS | 4.000.000 | Nei |
| R17120127 | P-2017-10-02-0251 | Sirkus Íslands ehf. | Alda Brynja Birgisdóttir | Æskusirkusinn í eigið húsnæði: Að barna- og unglingastarf Sirkus Íslands komist í eigið húsnæði sem einnig verður menningarmiðstöð sirkuslista á Íslandi. | ÍTR | 15.000.000 | Nei |
| R17090093 | P-2017-09-03-0003 | Klaudia Janina Migdal | Klaudia Janina Migdal | Yoga with Kids in Reykjavík: A book as a final outcome where parents can explore Reykjavík with children along doing and learning yoga with them. | ÍTR | 1.640.000 | Nei |
| R17100178 | P-2017-10-01-0125 | Samtökin 78 | Daníel E. Arnarsson | Þjónusta við innflytjendur: Við viljum þýða sem flest efni sem við gefum út á helstu tungumál sem töluð eru á Íslandi | Mannréttindaskrif stofa | 410.000 | Nei |
| R17100162 | P-2017-10-02-0302 | Framtíðarlandið | Lárus Vilhjálmsson | Túrbínan 10 ára: Dagskrá sem minnist 10 ára afmælis Kárahnjúkavirkjunar á opinskán og gagnrynin hátt með kvikmynda og ljósmyndasýningum og málþingi | nei | 1.000.000 | Nei |
| R17090273 | P-2017-09-29-0019 | Samtök hernaðarandstæðinga | Samtök Hernaðarandstæðinga | Úrbætur í aðgengismálum: Komið verði upp hjólastólalyftu í Friðarhúsi, til að gera fötluðum unnt að taka þátt í starfsemi í húsnæðinu. | Ferlinefnd fatlaðs fólks | 500.000 | Nei |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R17100254 | P-2017-09-28-0158 | Hollvinasamtök dráttarbátsins | Axel Orri Sigurðsson | Björgum Magna: Hollvinasamtök Magna ætla að gera upp fyrsta stálskipið smíðað á Íslandi | Borgarsögusafn | 1.700.000 | 500.000 |
| R17100059 | P-2017-09-12-0043 | Borgarkórinn | Hallgrímur Eymundsson | Borgarkórinn: Borgarkórinn er kór borgarstarfsmanna sem æfir einu sinni í viku og kemur fram við ýmis tækifæri. | nei | 1.080.000 | 1.000.000 |
| R17100152 | P-2017-10-02-0332 | Reykjavík Bacon | Þorbjörn Sigurbjörnsson | Matarhátíð alþýðunnar / Reykjavík Bacon Festival: Matarhátíð í miðbæ Reykjavíkur. Fjölskylduhátíð sem haldin utandyra og sameinar matarframleiðendur landsins. | MOF | ótilgreint | 150.000 |
| R17100017[illegible] | P-2017-10-02-0224 | Krisjana G. Kristjánsson | Kristjana G. Kristjánsson | MISS CHURRO: Staðurinn mun selja hefðbundna Churros sem á ættir sínar að rekja til spánar en með íslensku ívafi, ásamt ís. | nei | 2.500.000 | Nei |
| R17100128 | P-2017-10-02-0283 | Snorrasjóður | Ásta Sól Kristjánsdóttir | Snorraverkefnið: Verkefnið er fyrir ungt fólk á aldrinum 18 - 28 ára af íslenskum ættum frá Kanada og Bandaríkjunum. | nei | 350.000 | 350.000 |
| R17100055 | P-2017-09-22-0043 | Félag eldri borgara | Félag eldri borgara | Félagsstarf félags eldri borgara: námskeið og kynningar | VEL | 3.000.000 | 1500000 |
| | | | | | | | |
| | | | | | | | 11130000 |

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-10-02-0151** |
| **Nafn umsækjanda** | Móðurmál - samtök um tvítyngi |
| **Kennitala** | 4211012990 |
| **Heimilisfang** | Háaleitisbraut 11-13 |
| **Netfang** | modurmal@modurmal.com |
| **Póstnúmer** | 108 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 8649224 |
| **Símanúmer 2** | 8207569 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Renata Emilsson Peskova |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 0709782539 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | Reykás 45 |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | 110 |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | renatapeskova@yahoo.com |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | 8649224 |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | formaður |
| **Banki** | 101_ |
| **Höfuðbók** | 05 |
| **Reikningsnúmer** | 264557 |

## Lýsing á verkefni

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis** | Stuðningur við móðurmálshópa - innkaup skólagagna |

**Verkefnið í hnotskurn**
Móðurmál styður við móðurmálshópa sína með því að styrkja innkaup skólagagna tvítyngdra nemenda þeirra.

**Verkefnislýsing**
Í Móðurmáli - samtökum um tvítyngi starfa í ár 23 tungumálahópar. Kennarar í langflestum hópum kenna í sjálfboðaliðavinnu, en foreldrar greiða skráningargjald vegna reksturs hópa. Hóparnir eru misjafnlega storir og með mjög takmarkaðan aðgang að öðrum sjóðum. Hópstjórar sækja til Móðurmáls til að fá stuðning við innkaup skólagagna fyrir nemendur sína, t.d. kennslubóka,vinnubóka, spila og annara gagna. Námsgögn eru dýrmæt og oft illa fáanleg, en þau eru grundvöllur fyrir móðurmálskennslu.

| | |
|---|---|
| **Sótt er um verkefni á sviði** | Annað |

**Markmið**
Skv. fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar eiga börn með annað móðurmál en íslensku þróa með sér virkt tvítyngi. Verkefnið stuðlar að virku tvítyngdu læsi. Markið auka aðgang tvítyngdra barna að námsgögnum á erlendum móðurmálum og bæta þar með gæði móðurmálskennslu á vegum Móðurmáls - samtaka um tvítyngi.

| | |
|---|---|
| **Hverjir hafa helst hag af styrknum?** | Bæði kynin jafnt |

**Hverjir munu vinna að verkefninu?** Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**
Samtökin fylgja jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar. Í þeim starfa yfirleitt konur - sjálfboðaliðar, en nemendur eru beggja kynja.

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?** Verkefnið fellur undir 9. lið mannrettindastefnu Reykjavíkurborgar.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**
Þörfin til að auka menntunarstig barna af erlendum uppruna sést á niðurstöðum prófs Milli mála, PISA og brottfallstölum nemenda af erl. uppruna úr framhaldsskólum. Verkefni stuðlar að virku tvítyngi fjöltyngdra barna skv. fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá grunnskóla 2011.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins** Skólaárið 2017/18

## Verkþættir og fjármögnun

**Áætluð útgjöld**

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Námsgögn og bækur á erl. tungumálum | 400000 |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **400.000**

**Áætlaðar tekjur**

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **0**

**Upphæð sem sótt er um:** **-**

**Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:**

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals**
**0**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **0**

## Aðrar upplýsingar

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** nei

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** 2012, 2015

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Móðurmál - samtök um tvítyngi hafa fengið margvíslegan stuðning frá Reykjavíkurborg á undanförnum árum.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 13. mars 2018
SFS2018020037
2.8.0

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

***Efni: Umsögn skóla – og frístundasviðs vegna styrktarumsóknar Móðurmáls – innkaup skólagagna***

Fjölmenningarteymi SFS hefur fjallað um styrkumsókn samtakanna móðurmál til Borgarsjóðs Reykjavíkur og eru fulltrúar þess sammála um að veita eigi Móðurmálssamtökunum styrk til innkaupa skólagagna tvítyngdra nemenda þeirra. Verkefnið samræmist stefnu Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf og þeim áherslum sem þar koma fram um stuðning við virkt tvítyngi og læsi. Verkefnið stuðlar að jöfnum aðgangi nemenda að námsgögnum og eykur læsi fjölbreytts hóps nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Aðgangur að námsgöngum sem hæfir hverju barni er mikilvægur, því þurfa móðurmálskólar Móðurmálssamtakanna eins og allir aðrir skólar að búa yfir eins góðum námsgagnakosti og hægt er. Í læsisstefnu grunnskóla í Reykjavík kemur fram að nemendur með íslensku sem annað tungumál hafi ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn og því misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum grunnskólum. Kennsla þeirra í lestri og ritun, hvort heldur er í íslensku eða móðurmáli þeirra þarf því að taka mið af stöðu þeirra í námi almennt. Því þarf að leitast við að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku og að þessir nemendur geti viðhaldið móðurmálinu eins og við verður komið. Námsefni á móðurmáli barna sem byggir á sömu þáttum og kenndir eru í grunnskólum landsins er því mikilvægt svo nám haldi áfram á meðan börnin eru að ná tökum á nýja málinu.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-10-02-0132** |
| **Nafn umsækjanda** | Móðurmál - samtök um tvítyngi |
| **Kennitala** | 4211012990 |
| **Heimilisfang** | Háaleitisbraut 11-13 |
| **Netfang** | modurmal@hotmail.com |
| **Póstnúmer** | 108 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 8649224 |
| **Símanúmer 2** | 8649224 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Renata Emilsson Peskova |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 0709782539 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | Reykás 45 |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | 110 |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | renatapeskova@yahoo.com |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | 8649224 |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | formaður |
| **Banki** | 101_ |
| **Höfuðbók** | 05 |
| **Reikningsnúmer** | 264557 |

## Lýsing á verkefni

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis** | Tvítyngd móðurmálsbók |

**Verkefnið í hnotskurn**
Nemendur samtakanna Móðurmál skapa sögur á sínu móðurmáli og þýða á íslensku. Bókin er gefin út rafrænt og gert aðgengileg.

**Verkefnislýsing**
Tvítyngdir nemendur samtakanna Móðurmáls hafa sameiginlegt þema í ár - saga. Þeir skrifa stuttar sögur sem byggja á sögu upprunalanda foreldra þeirra og þýða yfir á íslensku með hjálp foreldra og kennara. Bókin verður gefin út sem rafræn flettibók og í nokkrum pappírseintökum.

| | |
|---|---|
| **Sótt er um verkefni á sviði** | Annað |

**Markmið**
Skv. fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar eiga börn með annað móðurmál en íslensku þróa með sér virkt tvítyngi. Verkefnið stuðlar að virku tvítyngdu læsi. - stuðla að virku tvítyngdu læsi nemenda af erl. uppruna - styrkja sjálfsmynd tvítyngdra nemenda - auka þekkingu tvítyngdra nemenda á upprunalöndum foreldra þeirra - að skapa og styrkja sameiginlega sýn Móðurmáls - að skapa fjölmenningarlegt samfélag með því að kynna sögur úr mörgun löndum, samdar af börnum, fyrir börnum í Móðurmáli og víða, bæði á móðurmálum nemenda og íslensku - auka skilning á menningu og sögu innflytjendahópa á Íslandi

| | |
|---|---|
| **Hverjir hafa helst hag af styrknum?** | Bæði kynin jafnt |

| | |
|---|---|
| **Hverjir munu vinna að verkefninu?** | Bæði kynin jafnt |
| **Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)** | Samtökin fylgja jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar. Í þeim starfa þó yfirleitt konur - sjálfboðaliðar. |
| **Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?** | Verkefnið fellur undir 9. lið mannrettindastefnu Reykjavíkurborgar. |

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**

Þörfin til að auka menntunarstig barna af erlendum uppruna sést á niðurstöðum prófs Milli mála, PISA og brottfallstölum nemenda af erl. uppruna úr framhaldsskólum.

| | |
|---|---|
| **Verk- og tímaáætlun verkefnisins** | Skólaárið 2017/18 |

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Verkefnastjórn 10 klst. | 50000 |
| Hönnun rafrænnar bókar 10 klst. | 50000 |
| Prent 10 stk móðurmálsbókar | 30000 |

**Samtals** **130.000**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **0**

**Upphæð sem sótt er um:** -

### Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals**
**0**

### Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|

| | |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |
| **Samtals** | **0** |

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| **Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** | nei |
| **Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** | 2012, 2015 |
| **Annað sem umsækjandi vill taka fram** | Reykjavíkurborg hefur stutt samtökin Móðurmál úr ýmsum öðrum sjóðum. |

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 14. febrúar 2018
SFS2018020037
2.8.0
HG/shj

# UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgrráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla og frístundasviðs

---

***Umsögn skóla- og frístundasviðs vegna styrkumsóknar Móðurmáls - Tvítyngd móðurmálsbók***

Fjölmenningarteymi SFS hefur fjallað um styrkumsókn samtakanna móðurmál til Borgarsjóðs Reykjavíkur og eru fulltrúar þess sammála um að veita eigi Móðurmálssamtökunum styrk til að gefa út verkefnið „tvítyngd móðurmálsbók“. Verkefnið samræmist stefnu Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf og þeim áherslum sem þar koma fram um stuðning við virkt tvítyngi og fjölmenningarlega kennsluhætti. Þá getur verkefnið stutt við aukna þekkingu skólasamfélagsins á bakgrunnsmenningu og tungumálum barna af erlendum uppruna.

Virðingarfyllst
Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frísutndasviðs

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-10-01-0358** |
| **Nafn umsækjanda** | Sei ehf. |
| **Kennitala** | 4107151120 |
| **Heimilisfang** | Reynimel 90 |
| **Netfang** | einar@seistudio.is |
| **Póstnúmer** | 105 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 6991130 |
| **Símanúmer 2** | 6991130 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Sei ehf. |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 4107151120 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | CEO |
| **Banki** | 0133 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 010895 |

## Lýsing á verkefni

**Heiti verkefnis** Reykjavíkurborg - Frá greiningu til greindar

**Verkefnið í hnotskurn**
Greining á sögu og þróun borgarskipulags Reykjavíkurborgar, ítarlegt stöðumat núlíðandi stundar og framtíðarspár með hjálp gervigreindar, mtt. byggingarkostnaðar, lýðheilsu, oþh.

**Verkefnislýsing**
Liðlega hundrað ár eru liðin frá því að læknirinn og lýðheilsufræðingurinn Guðmundur Hannesson birti fyrstu ritgerð um borgarskipulag og þróun byggða á Íslandi, ¿Um skipulag bæja¿ árið 1916. Síðan þá hafa allmörg aðalskipulög verið samþykkt og byggingarreglugerðin heldur áfram að vaxa og þróast með tímanum. Verkefnið ¿Reykjavíkurborg - Frá greiningu til greindar¿ gengur út á að taka saman allar þær upplýsingar sem hægt er að nálgast í gegnum fyrri skipulagsáætlanir, kort og reglugerðir og greina þær að því marki að hægt verið að setja upplýsingarnar fram myndrænt og átta sig á leyndum tengingum, tilhneygingum og staðreyndum sem torvelt væri að finna án hjálpar tölvutækninnar. Þær breytur sem einblínt verður á eru t.d. þróun fasteignaverðs, lóðaverðs, þjónustu m.t.t. nýtingarhlutfalls, stærð lóða o.fl. Stöðumynd núlíðandi stundar verður byggð upp með hjálp gagnagrunna og rauntímaupplýsinga, sem flest er orðið opið og aðgengilegt á netinu. Að lokum verður loks hugað að framtíðinni með smíði hermilíkana sem taka inn breytur og upplýsingar á borð við fólksfjölgunarspár, áhrif sjálfkeyrandi bíla á gatnakerfi og ferðatíma. Afrakstur verkefnisins verður kynntur á sýningu á hönnunarmars 2019, í tenglusm við opnun vefs, útgáfu bókar og greina í viðkomandi tímaritum, hérlendis og erlendis.

**Sótt er um verkefni á sviði** Annað

**Markmið**

Markmið verkefnisins er að smíða stafrænt þrívíddarlíkan af Reykjavíkurborg þar sem hægt er að hlaða inn öllum viðkomandi upplýsingum er tengjast kerfum borgarinnar og þróun þeirra. Engin áhersla verður lögð á útlit bygginga, þakgerðir og slíkt, en rík áhersla verður lögð á kerfi borgarinnar og þær upplýsingar og gagnagrunna sem hægt er að tengja líkaninu. Líkanið verður læsilegt í tvívídd og þrívídd og hægt verður að skoða kerfi borgarinnar frá 1900 til 2050. Lagskiptar upplýsingar, færanlegir punktar á tímalínu og hverfisskipting mun auðvelda allan lestur og hjálpa við að meta langtímaþróun. Með því að safna saman tölulegum upplýsingum úr reglugerðum og kvöðum sem fylgja skipulagsgerð verður hægt að greina þau áhrif sem mismunandi gildi hafa hverju sinni t.d. á fjarlægðir milli gatna og húsa, þéttleika byggða, nærþjónustu og kostnaðarþætti svo eitthvað sé nefnt. Lykilatriði sem greind verða munu fá sérstaka meðhöndlun og framsett sérstaklega og í þeim tilfellum þar sem um rauntímaupplýsingar er að ræða munu þær upplýsingar halda áfram að uppfærast sjálfkrafa að framkvæmdatímanum loknum og því halda áfram að gefa vísbendingu um gæði borgarinnar. Sem dæmi mætti nefna rauntímaupplýsingar Strætó. Með því að bera saman staðsetningu hvers vagns í rauntíma við leiðaráætlunina verður hægt að átta sig á samanlögðri heildarseinkunn innan alls kerfisins, finna hvaða leið er oftast sein og einnig meðalseinkunn eftir dögum, mánuðum eða árum. Að auki heldur Strætó utan um upplýsingar varðandi farþegafjölda, gjaldskrár o.fl. sem vert er að skoða í samhengi við fyrr nefndar upplýsingar.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

Bæði kynin jafnt

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

Sei ehf, var af ásetningi stofnað þann 19. júní 2015, þ.e. á kvenréttindadaginn, nákvæmlega 100 árum eftir að konur fengu fyrst kostningarétt hér á landi. Tveir af þremur starfsmönnum stofunnar eru konur og jafnréttisstefna fyrirtækisins er tekin mjög alvarlega á öllum sviðum. Formaður stjórnar fyrirtækisins er kona sem er jafnframt annar eigandi og stofnandi fyrirtækisins.

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

Á ekki við.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**

Reykjavíkurborg og aðrir opinberir aðilar halda úti gríðarlega miklu magni af upplýsingum sem vert er að greina betur og nýta við áætlunargerð og að skapa framtíðarsýn fyrir borgina. Einnig er orðið tímabært að kryfja áhrif fyrri skipulagsáætlana nánast upp að því marki að hægt verði að gefa mismunandi þáttum þeirra einkunn. Það er lítið gagn af rauntímaupplýsingum sem ekki er verið að rannsaka og þeirri þörf mun verkefnið svara með því að koma á laggirnar langvarandi hermilíkan sem sífellt er að greina og miðla þeim niðurstöðum sem rauntímaupplýsingarnar gefa.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

Janúar - Febrúar 2018: Upplýsingaöflun. Mars - Ágúst: Greining og líkanagerð. September - Desember: Gerð einfalds hermilíkans með takmarkaðri gervigreind.

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Gagnaöflun, greining og líkanagerð | 7000000 |
| Vefsíðugerð | 500000 |
| Uppsetning og útgáfa bókar | 1000000 |
| Sýning | 1500000 |

**Samtals** **10.000.000**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|

| | |
|---|---|
| **Bókasala** | **1500000** |
| **-** | **-** |
| **-** | **-** |

**Samtals** **1.500.000**

**Upphæð sem sótt er um:** **5000000**

**Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:**

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| **Reykjavíkurborg** | **5000000** |
| **Sei ehf.** | **5000000** |
| **-** | **-** |

**Samtals**
**10.000.000**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| **Landsbankinn** | **1000000** |
| **-** | **-** |
| **-** | **-** |

**Samtals** **1.000.000**

## Aðrar upplýsingar

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** Nei

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** Nei

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Umsækjendur eru meðvitaðir um það að hugsanlega getur þetta verkefni talist óhefðbundið hvað umsóknir til Borgarsjóðs varðar og því skilgreint sem Annað, þegar kom að tegund verkefnis. Við trúum því hins vegar að engin stofnun eða fyrirtæki önnur en borgin sjálf hefur meira hag af rannsóknum af þessum toga. Mikið af þeim ferlum sem nauðsynlegt er að þróa á verkefnistímanum hafa þegar verið prófaðir innan fyrirtækisins og því er tímaáætlunin sem og umfangið sett fram af miklu sjálfsöryggi af hálfu umsækjenda.

## Ar. SHRUTHI BASAPPA - CURRICULUM VITAE

### LICENSES and ACCREDITATION
2015 - present : Licensed Architect. Conferred by Mannvirkjastofnun. Valid in Europe.
2014 - present : Member, AÍ (Association of Architects in Iceland). Reykjavik. Iceland.

### EDUCATION (Completed)
2011 - 2012 : MAA in Emergent Territories, from Institute of Advanced Architecture of Catalunya (IaaC), Barcelona, Spain.
2004 - 2009 : B. Arch from BMS College of Engineering, Bangalore, India.

### PROFESSIONAL EXPERIENCE
2015 - present : sei architecture open studio. Founding Partner. Reykjavik. Iceland.
2015 : Minjastofnun Íslands (Cultural Heritage Agency of Iceland). Research Assistant. Reykjavik. Iceland.
2012 - 2014 : Freelance Architect. Reykjavík. Iceland.
2007 - 2010 (with academic breaks) : Associate Architect, LivingForm Architects. Bangalore. India.
2009 : Research Assistant for Prof. Rama Subramanian.

### RESEARCH GRANTS
2015 - present: *Fabric Cast Concrete.* From ICI (Innovation Center Iceland) and Vinnumálastofnun (Directorate of Labour, Iceland), Átak til Atvinnusköpunar;
*Fabric Cast Concrete.* Research and development grant from Atvinnumál Kvenna, Tækniþróunarsjóður.
2014 - 10/2016 : *Heritage case studies in Reykjavík*. For Minjastofnun Íslands (The Cultural Heritage Agency of Iceland).

### TEACHING EXPERIENCE
2016 : Seven day “Tensegrity workshop” introducing Rhino-Grasshopper-Kangaroo for MSRIT School of Architecture. Bangalore. India.
2014 -15 : Five day “Parametric design and 3d modeling” workshop for Dayananda School of Architecture. Bangalore, India.

# EINAR HLÉR EINARSSON - CURRICULUM VITAE

**EDUCATION (Completed)**
2011 - 2012 : MAA from Institute of Advanced Architecture of Catalunya (IaaC), Barcelona, Spain.
2006 - 2009 : Bachelor of arts (BA). IAA, Icelandic Academy of Arts. Reykjavík, Iceland.

**PROFESSIONAL EXPERIENCE**
2016- present: Sei architecture open studio. Founding partner. Reykjavik. Iceland
2014 - 15 : Basalt arkitektar. Designer. Reykjavík. Iceland.
2008 - 2014 (with academic breaks) : ARGOS. Arkitektastofa Grétars og Stefáns. Draftsman and assistant. Reykjavík. Iceland.

**RESEARCH GRANTS**
2015 : *Fabric Cast Concrete.* For Rannís / Tækniþróunarsjóður (The Icelandic Centre for Research).
2015 : *Fabric Cast Concrete.* For ICI (Innovation Center Iceland).
2015 : *Fabric Cast Concrete.* Vinnumálastofnun (Directorate of Labour, Iceland).
2013 : *The Funkis houses of Iceland*. For Minjastofnun Íslands (The Cultural Heritage Agency of Iceland).
2010 : *Hempcrete II*. For Icelandic Centre for Research (RANNIS) in association with ICI (Innovation Center Iceland).
2009 : *Hempcrete I*. For Icelandic Centre for Research (RANNIS) in association with ICI (Innovation Center Iceland).

**TEACHING EXPERIENCE**
2016 : 7 day “Tensegrity workshop”, Rhino-Grasshopper-Kangaroo for MSRIT School of Architecture. Bangalore. India.
2012 - present : Icelandic Academy of the Arts. Visiting Faculty. Reykjavík, Iceland.
2014 - 15 : Five day “Parametric design and 3d modeling” workshop for Dayananda School of Architecture. Bangalore, India.
2013 : Three day “Rhino Introduction” workshop for FABLAB Iceland. Organiser and tutor. Westmann Islands, Iceland.

# CURRICULUM VITAE



## PROFILE

My name is Barbara Sopolinska and I am 25 years old architect. I recently got my Master degree in Architecture at Aalborg University.
I constantly try to develop myself professionaly, through academic studies and individual work.
I also gained some professional experience working for danish offices during my studies.

## CONTACT


Kirkjuvellir 7, 221 Hafnarfjörður

+4550178057

sopolinska@gmail.com


## EDUCATION

| | | |
|---|---|---|
| 09.2015-06.2017 | Msc in Architecture and Technology, Aalborg University, Denmark | Performance Aided Design, parametric design, sustainable design, Zero Energy Buildings, structural and acoustical analysis |
| 02.2014-06.2014 | Construction Architecture, Erasmus Exchange Programme, VIA University College in Horsens, Denmark | design, solving details, indoor climate, sustainability, project management |
| 10.2011-06.2015 | Bsc in Architecture and Urban Planning, Warsaw University of Technology, Poland | hand drawing and painting classes, model making and sculpture course, Architecture Design Classes, History of Architecture, History of Urban Planning, History of Art, Landscape Architecture, Interior Design, Construction & Building Materials classes, Building Physics |

## ACHIEVEMENTS

| | |
|---|---|
| 2nd prize | category of Innovation and Architecture for the Sea<br>Jacques Rougerie Foundation International Competition, 2014 |

## WORK EXPERIENCE

| | | |
|---|---|---|
| 08.2016 - 05.2017 | Intern/student worker in TRANSFORM Aps, Aarhus, Denmark | conceptual thinking, 2d drawings, 3d modelling, visualisations, physical models |
| 10.2016 - 02.2017 | Student worker in MBYLand, Aarhus, Denmark | landscape architecture: concepts, 2d drawings, diagrams, visualisations, |
| 07.-08.2014 | Intern in Michalewicz&Tanski Architects, Warsaw, Poland | concepts, 2d drawing, 3d modelling, visualisations |
| 06.-09.2013 | Graphic designer in NS MARKETING, Warsaw, Poland | vector and raster graphics, posters, folders, logos |
| 06.-09.2012 | Inventory of The Trinity Church in Warsaw | survey of the XVII century church, plans, sections, elevations, Autocad and hand drawings |

## SKILLS

| TECHNICAL | LANGUAGES | OTHER |
|---|---|---|
| Rhinoceros 3D + Vray | Polish / native speaker | Drawing skills |
| Autocad | English / fluent | Model making |
| Revit | Icelandic / beginner | Problem solving |
| Archicad | Danish / beginner | Teamwork |
| 3ds max + Vray | | Ability to work under pressure |
| Grasshopper | | |
| Adobe Illustrator | | |
| Adobe Photoshop | | |
| Adobe InDesign | | |

Sei ehf.
kt. 410715-1120
Árleyni 2
113 Reykjavík

Um Sei

Sei ehf. er ungt sprotafyrirtæki sem stofnað var árið 2015 í kringum umsókn til Tækniþróunarsjóðs, sem það og hlaut, vegna rannsókna á að steypa í segldúka og nota þá í stað hefðbundinna timburmóta. Síðan þá hefur starfseminni vaxið fiskur um hrygg og fæst nú stofan við margvísleg verkefni í hönnun, arkitektúr og skipulagi bæði á Íslandi og á Indlandi.

Upplýsingar um hönnunarteymið.

**Shruthi Basappa, kt. 230886-3429 – Partner, Arkitekt FAÍ**
Með arkitektapróf frá Indlandi og sérhæfði sig í borgarskipulagi í meistaranámi í Barcelona í eitt ár. Hefur einnig starfsreynslu af borgarskipulagi í Bangalore á Indlandi. Leiðir um þessar mundir hönnunarteymið í stóru ferðaþjónustuverkefni hjá Sei ehf. þar sem verið er að skipuleggja 400 ha. af landi fyrir utan Reykjavík.

**Einar Hlér Einarsson, kt. 230682-3139 – Partner, MAA**
Hefur starfað fyrir Argos ehf. (2008 - 2014) og Basalt arkitekta (2014-2016) og tekið þar þátt í ýmissi skipulagsvinnu m.a. vegna Bláa Lónsins, Franska spítalans á Fáskrúðsfirði o.fl. Stundakennari í Listaháskólanum og m.a. hefur tekið þátt í kúrs undir heitinu Urban Lab fyrir 2. árs nema, ásamt Massimo Santaniccia, Steinþóri Kára og Ásmundi Hrafni hjá Kurtogpi frá árinu 2014 sem gengur út á kortlagningu og greiningu bæjarhluta.

**Barbara Zofia Sopolinska, kt. 130992-4129 – MSc.**
Útskrifaðist frá Álaborgarháskóla 2017 og hefur unnið hjá Sei ehf. frá júlí 2017. Hefur starfsreynslu frá arkitektastofum og landslagsarkitektum í Danmörku á námsárum 2015-2017. Verkefni sem hún tók þátt í þar í landi eru Kalvebodkvarteret í Kaupmannahöfn og Stigsborg Havnefront í Álaborg.

**Umsókn til Borgarsjóðs, verkefnisár 2018.**

sei

# Reykjavíkurborg - Frá greiningu til greindar

Ítarleg tíma- og verkáætlun

**Janúar - Febrúar // Upplýsingaöflun**

Gagnagrunnar:
LUKR, ISV50., Gjaldfrjáls gögn ýmissa stofnanna samfélagsins s.s. Þjóðskrá, RSK o.fl. Upplýsingar sem vantar í LUKR: hæðir húsa, aldur húsa.

Reglugerðir:
Slá inn tölulegar upplýsingar úr byggingareglugerðum og kvöðum aðalskipulags.

**Febrúar - Ágúst // Greining og úrvinnsla**

Líkanagerð:
Full unnið þrvíddarlíkan með réttum hæðum húsa og hæðasettu landi. (Forritað, þarf ekki að módela hvert hús)

Tenginig gagnagrunna:
Gagnagrunnar tengdir þrívíddarlíkani t.d. umferðarhraði, reglugerðir, lóðaverð, loftgæði. Unnið í Python/Grasshopper fyrir Rhino 3d.

Úrvinnsla:
Kort framleidd út frá fyrirliggjandi upplýsingum, t.d. meðalfjarlægð milli húsa eftir hverfum, fjöldi íbúða, þróun lóðarverðs. Lagskipting upplýsinga og tímalína búin til.

**Ágúst - Desember // Hermilíkan og  Framsetning**

Hermilíkan
Mun geta sýnt þróunarspá byggðar skv. núv. aðalskipulagi og fleirri breytum með uppástungum um hvað megi fara betur. Byggt á einföldustu gerð gervigreindar eða svokölluðum Genetic Solver.

Bók, vefsíða og sýning
Notendaviðmót hannað fyrir gesti sýningar og helstu kort og niðurstöður teknar saman í hnitmiðaðri bók sem hægt verður að yfirfæra á vefsíðu og veggspjöld á sýningu.



Nýtinga

Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík, 14.mars 2018

Mál: Reykjavíkurborg - Frá greiningu til greindar. Umsókn um styrk í rannsóknarverkefni Sei ehf

Verkefnið felur í sér greiningu á sögu og þróun borgarskipulags í Reykjavík, ítarlegt stöðumat miðað við núverandi ástand og þróun aðferða, m.a. með hjálp gervigreindar til byggja upp líkön um framtíðarspár. Þetta er athyglivert verkefni, metnaðarfullt og virðist gríðarlega umfangsmikið. Það annars erfitt að meta raunhæfni verkefnisins útfrá þeim upplýsingum sem eru gefnar, en umsækjendur taka þó fram að þeir hafa verið að þróa aðferðir og líkanagerð innan síns fyrirtækis.

Verkefnið mun væntanlega kalla eftir liðsveislu borgarinnar í öflun gagna og upplýsinga og sjálfsagt að styðja vel við verkefnið í þeim efnum. Og það væri vert að styðja verkefni þetta með einhverri fjárupphæð og þá mögulega horfa á það fremur sem tilraunaverkefni sem næði til afmarkaðri þátta eða þá valinna svæða innan borgarannar, fremur en að horfa á borgina sem heild.

Haraldur Sigurðsson

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
BORGARTÚN 12-14 105 REYKJAVÍK
SÍMI 411 1111 BRÉFASÍMI 411 3071
NETFANG: SKIPULAG@REYKJAVIK.IS

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-09-29-0109** |
| **Nafn umsækjanda** | Hjólafærni á Íslandi |
| **Kennitala** | 4404112310 |
| **Heimilisfang** | Laugarnesvegi 57 |
| **Netfang** | hjolafaerni@hjolafaerni.is |
| **Póstnúmer** | 105 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 8642776 |
| **Símanúmer 2** | 8642776 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Sesselja Traustadóttir |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 1203655769 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | Laugarnesvegur 57 |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | 105 |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | hjolafaerni@hjolafaerni.is |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | 8642776 |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | Framkvæmdastýra |
| **Banki** | 1110 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 004404 |

## Lýsing á verkefni

**Heiti verkefnis** Hjólum til framtíðar - ráðstefna

**Verkefnið í hnotskurn**
Þetta er 8. ráðstefnan undir heitinu Hjólum til framtíðar og er haldin á föstudeginum í Evrópsku samgönguvikunni.

**Verkefnislýsing**
Ráðstefnan er 8. ráðstefnan undir heitinu Hjólum til framtíðar og hefur ævinlega verið haldin á föstudeginum í Evrópsku samgönguvikunni. Hún verður haldin af Hjólafærni á Íslandi og Landssamtökum hjólreiðamanna í samvinnu við sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu. Seltjarnarnes verður gestgjafinn í ár. Aðrir samstarfsaðilar eru Samgöngustofa, Vegagerðin, Efla, Mannvit, Verkís, European Cyclist Federation, Íslenski fjallahjólaklúbburinn, Farfuglar á Íslandi, Ferðamálastofa og Umhverfisráðuneytið. Megintilgangurinn með ráðstefnunni 2018 er að horfa til ánægju og öryggis í blandaðri umferð og kynnast snjallheimum hjólreiða á heimsvísu. Við gerum ráð fyrir að fá 1 erlendan fyrirlesara til landsins sem hefur sannanlega haft mikil áhrif á sitt nærumhverfi og langt út fyrir það Gera má ráð fyrir 80 gestum. Ráðstefnan verður á Seltjarnarnesi.

**Sótt er um verkefni á sviði** Annað

**Markmið**
Meginmarkmiðið með ráðstefnunni 2018 er að halda áfram góðri samvinnu á milli hjólandi vegfarenda og framkvæmdaaðila sveitarfélaga og ríkis í þróun innviða fyrir hjólandi umferð.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?** Bæði kynin jafnt

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

Já - við leggjum rækt við samgöngujafnrétti í samfélaginu á hverjum degi og oft á dag

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

Vel. Efling virkra samgangna er samfélagslegur ávinningur; umhverfis- og lýðheilsuvænn. Góðar virkar samgöngur jafna hag borgaranna.Verkefnið styður við einnig við Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar 2015 - 2020

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**

Hjólum til framtíðar hlúir að virkum samgöngum. Þær þurfa að vera í lagi og það er aðhald fyrir stjórnsýsluna að fá tækifæri til þess að vinna með grasrótinni að þessum brýna málaflokki.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

okt.2017 Setja saman dagskrárnefnd og fjárhagsáætlun, loka 2017 ráðstefnunni. Panta sal fyrir ráðstefnuna. nóv.2017 Kynning til samstarfsaðila jan.2018 Auglýsa eftir erindum mar.2018 Ganga frá samningum við fyrirlesara og ráðstefnuhaldara apr.2018 Kynningaráætlun ágúst 2018 Undirbúningur og kynning sep.2018 Undirbúningur, framkvæmd og uppgjör.

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Erlendur fyrirlesari | 800000 |
| Veitingar | 520000 |
| Ráðstefnugögn og gjafir | 100000 |
| Verkefnastjórn | 500000 |
| Leiga á sal | 100000 |
| Auglýsingar og kynningar | 200000 |
| Aðkeypt erindi | 100000 |
| Útsendingar og upptökur | 80000 |
| - | - |

**Samtals** **2.400.000**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| Styrkur Borgarráðs | 400000 |
| Ráðuneytisstyrkir | 400000 |
| Samgöngustofa og Vegagerðin | 300000 |
| Ferðamálastofa, útsending | 100000 |
| Minni styrkir, ýmsir | 400000 |
| Aðgangseyrir | 100000 |

| | |
|---|---|
| **Seltjarnarnesbær** | **400000** |
| **Landssamtök hjólreiðamanna og Hjólafærni** | **300000** |

**Samtals** **2.400.000**

**Upphæð sem sótt er um:** **400000**

**Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:**

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| **Reykjavíkurborg** | **400000** |
| **Aðrir opinberir styrkir** | **1300000** |
| **Aðgangseyrir** | **100000** |
| **Minni styrkir** | **300000** |
| **Framlag Landssamtaka Hjólreiðamanna og Hjólafærni** | **300000** |

**Samtals**
**2.400.000**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| **Ráðuneytisstyrkir** | **400000** |
| **Vegagerðin og Samgöngustofa** | **300000** |
| **Minni styrkir fyrirtækja** | **300000** |
| **Seltjarnarnesbær** | **400000** |
| **Önnur sveitarfélög** | **200000** |
| **Ferðamálastofa** | **100000** |

**Samtals** **1.700.000**

## Aðrar upplýsingar

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**
Já, einkum í upphafi starfa Hjólafærni, rétt um hrun, en í seinni tíð hefur samvinna okkar verið með miklum ágætum og borgin oftar en ekki verið samferða Hjólafærni í uppbyggingu og útfærslu ótal verkefna.

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?**
Já, allmörg verkefni. Hjólafærni hefur fengið almennan rekstrarstyrk fyrir 2014, 2015, 2016 og 2017 Hjólað óháð aldri 2015, 2016 og 2017 Hjólum í skólann 2013, Hjólum til framtíðar, ráðstefna 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016 og 2017. Hæ - hó! samstarfsverkefni Hjólafærni og Rauða krossins fyrir hælisleitendur þar sem gömlum hjólum er safnað og þau löguð af hælisleitendum, styrkt 2017. Samgönguhjólreiðar um borgina 2015, Hjólaskóli Dr. Bæk 2014, Stefnumót við Dr. Bæk í sundi 2012. Hjólaskóli Dr. Bæk og Kamps, sem fékk tilnefningu til hvatningaverðlauna Reykjavíkur 2012. Upphæðirnar hafa verið á bilinu 100 - 500 þús. Reykjavíkurborg var samstarfsaðili að hjólum.is. Höfuðborgarstofa styrkti einnig nýtt hjólakort af Reykjavík sem Hjólafærni framleiddi og setti á Cycling Iceland kortið 2016.

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**
Án borgarinnar og framlaga hennar til verkefna og starfa Hjólafærni á Íslandi, hefði Hjólafærni ekki getað lifað þennan tíma. Takk fyrir ykkar stuðning. Margt af starfi Hjólafærni styður heilshugar við hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar, Hjólaborgina. Þess má geta að oft heldur almenningur að framkvæmdastýra Hjólafærni sé starfsmaður borgarinnar - líklega vegna samhljómsins í okkar áherslum.

# Hjólafærni á Íslandi

## Ársreikningur
## 2016

# Staðfesting ársreiknings

Formaður og gjaldkeri Hjólafærni, staðfesta hér með ársreikning félagins sem tekur til ársins 2016 með áritun sinni.

| Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir<br>formaður Hjólafærni | Árni Davíðsson<br>gjaldkeri Hjólafærni |
|---|---|

# Áritun skoðunarmanns

Ég undirritaður skoðunarmaður ársreikninga Hjólafærni á Íslandi hef yfirfarið meðfylgjandi ársreikning félagsins fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn skiptist í rekstrarreikning og efnahagsreikning og gefur glögga mynd af rekstri og fjárhagslegri stöðu samtakanna.

Ég hef sannreynt að tilgreindar eignir eru fyrir hendi og legg til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Haukur Eggertsson

# Rekstrarreikningur

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Tekjur** | | |
| Útseld þjónusta | 7.089.036 | 3.454.967 |
| Vörusala | 7.666.129 | 0 |
| Ráðstefnutekjur | 89.700 | 112.311 |
| Styrkir | 8.360.320 | 11.629.131 |
| Aðrar tekjur | 0 | 0 |
| Tekjur samtals | 23.205.185 | 15.196.409 |
| | | |
| **Gjöld** | | |
| Vörukaup | 5.299.996 | 51.987 |
| Laun og launatengd gjöld | 6.232.998 | 4.173.175 |
| Aðkeypt þjónusta | 5.824.297 | 4.142.432 |
| Ráðstefnukostnaður | 0 | 100.648 |
| Skrifstofukostnaður | 1.455.038 | 1.165.197 |
| Stjórnun og umsýsla | 1.243.196 | 456.196 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.865.122 | 4.393.579 |
| Gjöld samtals | 21.920.647 | 14.483.214 |
| | | |
| **Fjármagnsliðir** | | |
| Vaxtatekjur | 147.233 | 85.860 |
| Eftirgjöf skulda | (784.023) | 0 |
| Gengismunur | 0 | 0 |
| Fjármagnsliðir samtals | (636.790) | 85.860 |
| | | |
| **Hagnaður/Tap** | **647.748** | **799.055** |

# Efnahagsreikningur

| | 2016 | 2015 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Bankareikningar | 2.675.298 | 1.960.600 |
| Handbært fé | 12.000 | 12.000 |
| Skuldunautar | 883.834 | 793.010 |
| **Eignir alls** | **3.571.132** | **2.765.610** |
| | | |
| **Skuldir og eigið fé** | | |
| | | |
| **Skuldir** | | |
| Lánadrottnar | 920.890 | 915.612 |
| Skammtímalán | 0 | -8.987 |
| Ógreidd opinber gjöld | 48.272 | 0 |
| Kreditkort | 136.505 | 41.268 |
| Skuldir samtals | 1.105.667 | 947.893 |
| | | |
| **Eigið fé** | | |
| Höfuðstóll í upphafi árs | 1.817.717 | 1.018.662 |
| Hagnaður/(tap) ársins | 647.748 | 799.055 |
| Eigið fé alls | 2.465.465 | 1.817.717 |
| | | |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **3.571.132** | **2.765.610** |

Hugmynd að ráðstefnu á Evrópsku samgönguvikunni 2018

# Hjólum til framtíðar 2018 -

## undirheitið verður slógó Evrópsku samgönguvikunnar 2018

### Föstudaginn 21. september 2018 kl. 10 – 16

Í þessu skjali eru hugmyndir að eftirfarandi efnisþáttum:

- Samstarfsaðilar
- Markmið
- Hugmyndir að erindum
- Verkáætlun
- Kostnaðaráætlun

Ráðstefnan er 8. ráðstefnan undir heitinu **Hjólum til framtíðar** og hefur ævinlega verið haldin á föstudeginum í Evrópsku samgönguvikunni. Hún verður haldin af Hjólafærni á Íslandi og Landssamtökum hjólreiðamanna í samvinnu við Seltjarnarnesbæ með ósk um samvinnu við önnur sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu, Samgöngustofu, Vegagerðina, Eflu, Mannvit, Verkís European Cyclist Federation, Íslenska fjallahjólaklúbbinn, Farfugla á Íslandi, Ferðamálastofu, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

**Megintilgangurinn með ráðstefnunni 2018 er að horfa til ánægju og öryggis í blandaðri umferð og kynnast snjallheimum hjólreiða á heimsvísu.**

Við gerum ráð fyrir að fá 1 erlendn fyrirlesara til landsins sem sannanlega hefur haft mikil áhrif á sitt nærumhverfi og langt út fyrir það – um allan heim eru þéttbýlisyfirvöld að velta því fyrir sér hvernig efla megi lífvæni í borgum og þá er mikilvægt að gera ráð fyrir reiðhjólum til samgangna. Víða hefur tekist afar vel til – t.d. á Höfuðborgarsvæðinu en lengi má gott bæta og við stefnum að því.

**Hér eru nokkrar hugmyndir að erindum:**

- Manhattan – var hægt að breyta henni í hjólavænna rými? Janette Sadik-Khan
- Hjólavænar aðgerðir sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu
- Hjólið mitt í snjallheimum; strava og fleiri kostir
- Keppnishjólreiðar á Íslandi
- Umhverfi hjólreiða og umferðarlögin í landinu

Gera má ráð fyrir 80 gestum auk þess sem ráðstefnan verður send út beint á netinu og upptökur síðan settar á vef Landssamtaka hjólreiðamanna. Ráðstefnan verður á Seltjarnarnesi.

## Verkáætlun vegna Hjólum til framtíðar 2018

| Tími | Verkþáttur |
|---|---|
| okt.17 | Setja saman dagskrárnefnd, loka 2017 ráðstefnunni. samþykkja fjárhagsáætlun. panta ráðstefnusal. |
| nóv.17 | Kynning til samstarfsaðila |
| jan.18 | Auglýsa eftir erindum |
| mar.18 | Ganga frá samningum við fyrirlesara og ráðstefnuhaldara |
| apr.18 | Kynningaráætlun |
| ágú.18 | Undirbúningur og kynning |
| sep.18 | Kynningar, framkvæmd og uppgjör |

## Tekjur og gjöld vegna Hjólum til framtíðar 2018 – öryggi og ánægja

| Útgjöld | | Innkoma | |
|---|---|---|---|
| Upphæð | Kostnaðarþáttur | Upphæð | Innkoma |
| 800.000 ISK | Erlendur fyrirlesari | 400.000 ISK | Styrkur Borgarráðss |
| 160.000 ISK | Hátíðarkvöldverður | 100.000 ISK | Samgöngustofa |
| 100.000 ISK | ráðstefnugögn og gjafir | 500.000 ISK | Ráðuneytisstyrkir |
| 360.000 ISK | Veitingar ráðstefnugesta | 100.000 ISK | Ferðamálastofa, útsending |
| 500.000 ISK | verkefnastjórn | 400.000 ISK | Minni styrkir, ýmsir |
| 100.000 ISK | Leiga á sal | 200.000 ISK | Landssamtök hjólreiðamanna |
| 200.000 ISK | Auglýsingar og kynning | 100.000 ISK | Aðgangur |
| 100.000 ISK | Útsending og upptökur | 200.000 ISK | Vegagerðin |
| 80.000 ISK | Aðkeypt erindi | 400.000 ISK | Seltjarnarnesbær |
| **2.400.000 ISK** | **Samtals** | **2.400.000 ISK** | **Samtals** |

# Greinargerð um ráðstöfun styrkfjár

Málsnúmer P-2016-09-30-0029

**Styrkþegi: Hjólafærni á Íslandi**
**Kennitala:  440411-2310**
**Sími: 8642776**
**Netfang: hjolafaerni@hjolafaerni.is**
**Heiti verkefnis: Hjólum til framtíðar 2017 – Ánægja og öryggi. Ráðstefna.**
**Tímasetning: 22. september 2017 í Bæjarbíói, Hafnarfirði kl. 10 – 16.**

**Uppgjör:**

**Tekjur og gjöld vegna Hjólum til framtíðar 2017 – Ánægja og öryggi**

| Útgjöld | | Innkoma | |
|---|---|---|---|
| Upphæð | Kostnaðarþáttur | Upphæð | Innkoma |
| 138.000 ISK | Erlendur fyrirlesari | 300.000 ISK | Styrkur Borgarráðss |
| 192.000 ISK | Erlendur fyrirlesari | 120.000 ISK | Samgöngustofa |
| 160.000 ISK | Hátíðarkvöldverður | 500.000 ISK | Ráðuneytisstyrkir |
| 130.000 ISK | ráðstefnugögn og gjafir | 100.000 ISK | Ferðamálastofa, útsending |
| 370.000 ISK | Veitingar  ráðstefnugesta | 420.000 ISK | Minni styrkir, ýmsir |
| 500.000 ISK | verkefnastjórn | 60.000 ISK | Aðgangur |
| 100.000 ISK | Leiga á sal | 200.000 ISK | Vegagerðin |
| 200.000 ISK | Auglýsingar og kynning | 400.000 ISK | Hafnarfjarðarbær, salur og veitingar |
| 100.000 ISK | Útsending og upptökur | **2.100.000 ISK** | **Samtals** |
| 210.000 ISK | Annar kostnaður | | |
| **2.100.000 ISK** | **Samtals** | | |

Tekjur umfram gjöld 0,00 ISK

**Stutt frásögn um verkefnið:**

Ráðstefnan var 7. ráðstefnan undir heitinu Hjólum til framtíðar og nú sem ævinlega var hún haldin á föstudeginum í Evrópsku samgönguvikunni af Hjólafærni á Íslandi og Landssamtökum hjólreiðamanna í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ, sem var gestgjafi ráðstefnunnar í ár, Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur, Kópavogsbæ, Garðabæ, Hafnafjörð, Seljtjarnarnes, Samgöngustofu, Vegagerðina, European Cyclist Federation, Íslenska fjallahjólaklúbbinn, Farfugla á Íslandi, Ferðamálastofu og Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið.

Megintilgangurinn með ráðstefnunni 2017 var að horfa til öryggis í blandaðri umferð og ræða almennt um ánægjuna og ávinninginn af hjólreiðum.

Við buðum til landsins Ton Daggers, sem er hollenskur sérfræðingur um þróun nytjahjóla og nýtingu á þeim í borgum. Á erlendum málum eru nytjahjólin oft kölluð cargo bike, rickshaw og sitthvað fleira - svona allt eftir því til hvers á að nota þau.

Einnig kemur til landsins fulltrúi ECF, Jens Peter Hansen, og sem var með erindi um hvatningu til hjólreiða gagnvart pólitíkinni og almenningi. Jens Peter er einnig í stjórn systursamtaka LHM, danska Cykelforbundet.

Á meðal annarra erinda voru kynningar frá hjóla/göngustígagerð Grindvíkinga, skráningar vástaða í gegnum BikeMaps af höfuðborgarsvæðinu, hraðstígur á milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur, hönnun fallegra hjólastíga  og sitthvað fleira.

Forseti lýðveldisins, Guðni Th. Jóhannesson kom hjólandi frá Bessastöðum og afhenti Isavia Hjólaskálina fyrir Hjólaskálann sem stendur við Leifsstöð. Hjólaskálin er gefin af Reykjavíkurborg en handhafi hennar er valin af Hjólafærni og Landssamtökum hjólreiðamanna.

Fyrir ráðstefnuna buðu Hjólafærni og LHM uppá rólega hjólaferð um Höfuðborgarsvæðið fimmtudaginn 21. sept kl. 18 frá Farfuglaheimilinu í Laugardal. Þar leiddi Árni Davíðsson um 20 manna hóp um áhugaverð staði í þeirri öru þróun sem hefur átt sér stað í reiðhjólamiðuðum lausnum í umferðinni. Þessi hjólaferð hjólaði líka inn í beina útsendingu í fréttatíma á Stöð 2.

Ráðstefnan var að mestu send út á Netinu auk þess sem hún mun um ókomna tíð, verða aðgengileg á heimasíðu LHM www.lhm.is.

Tengiliður og verkefnastýra ráðstefnunnar var undirrituð, Sesselja Traustadóttir, framkvæmdastýra Hjólafærni á Íslandi.

**Dags.  29. september 2017**



**Framkvæmdastýra Hjólafærni á Íslandi**

| Fullt nafn | Vinnustaður | Netfang |
|---|---|---|
| Andreas Macrander | Hafrannsóknastofnun; Hjólafærni | amacrander@gmx.de |
| Anna Guðrún Stefánsdóttir | Verkís | angs@verkis.is |
| Anton Ingvason | Vegagerðin | |
| Auður Jóhannsdóttir | Fjallahjólaklúbburinn | audur.johannsdottir@gmail.com |
| Ármann Halldórsson | Grindavíkurbær | armann@grindavik.is |
| Árni Davíðsson | LHM | arnid65@gmail.com |
| Ásbjörn Ólafsson | Vegagerðin | ao@vegagerdin.is |
| Ásta Briem | Icebike Adventures | |
| Ásta Þorleifsdóttir | Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | asta.thorleifsdottir@srn.is |
| Berglind Guðmundsdóttir | Umhverfis- og skipulagsþjónusta HF | |
| Berglind Hallgrímsdóttir | Verkís | |
| Bergþóra Njála Guðmundsdóttir | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | bergthora.njala@uar.is |
| Bjarki Valberg | Kópavogsbær | bjarki.valberg@kopavogur.is |
Við finnum fyrir aukningu í hópi innflytjenda hjá þeim sem leita til okkar. Þau, líkt og svö mörg önnur, treysta á þjónustu Samtakanna og vilja gjarnan miðla því góða starfi sem unnið er í sínum hópum og kjörnum. Til þess þurfum við að vera tilbúin með efni fyrir innflytjendur og þýða sem flest á erlend tungumál. Á Íslandi er töluð íslenska, enska, pólska, filippseyska, litháenska og fjöldi annarra tungumála, og við því þarf að bregðast. Okkar fólk þarf að finna að það er velkomið til okkar og það skemmir aldrei fyrir að vera með efni aðgengilegt á tungumáli sem það skilur. Vegna fjárskorts síðustu ára þá höfum við ekki haft burði til að þýða efni en nú viljum við bæta úr því. Við erum með sérstök alþjóðakvöld, tvisvar í mánuði, þar sem fólk af erlendum uppruna er sérstaklega velkomið og þau kvöld eru vel sótt.

| | |
|---|---|
| **Sótt er um verkefni á sviði** | Félags- og velferðarmála |

**Markmið**
Markmið okkar er að fólk af erlendum uppruna hafi jöfn tækifæri til að fræðast um Samtökin og sækja sér þá þjónustu sem við bjóðum upp á.

| | |
|---|---|
| **Hverjir hafa helst hag af styrknum?** | Bæði kynin jafnt |

**Hverjir munu vinna að verkefninu?** Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**
Já. Samtökin ¿78 eru samtök alls hinsegin fólks á Íslandi. Samtökin eru meðvituð um að hópurinn er fjölbreyttur með tilliti til eftirfarandi þátta: Aldur, fötlun, kyn, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni, heilsufar, efnahagur, uppruni, trú/trúleysi, holdarfar, tungumálakunnátta, húðlitur og fjölskyldustaða og sambandsform. Einstaklingar innan hópsins hafa ólíkar þarfir sem samtökin leggja sig fram við að mæta. Sumir innan hópsins verða fyrir margfaldri jaðarsetningu í daglegu lífi. Samtökin '78 leggja sig fram við að þekkja birtingarmyndir margfaldrar jaðarsetningar og bæta stöðu þeirra sem verða fyrir henni. Öll verkefni Samtakanna ´78 taka ofangreind atriði alvarlega.

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**
Einkar vel og viljum við helst benda á eftirfarandi þætti: 9.3.2 Stofnanir borgarinnar eiga að búa til aðgengilegt og auðskilið upplýsingaefni um þjónustu borgarinnar á tungumálum þeirra hópa sem fjölmennastir eru í Reykjavík. Hér er átt við vefmiðlun, bæklinga og auglýsingar þegar það á við, samanber upplýsingastefnu borgarinnar. 9.3.3 Starfsfólk skapar umhverfi sem er laust við fordóma í garð einstaklinga vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns. Starfsfólk leggur sig fram um alúðleg samskipti þrátt fyrir að ólík tungumálaþekking geti valdið hindrunum. Tryggja þarf starfsfólki þekkingu til að sinna starfi í fjölmenningarlegu og margbreytilegu borgarsamfélagi.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**
Ef einstaklingur sem talar ekki íslensku kemur til okkar og gerir sér ekki grein fyrir okkar starfi eða þjónustu þá mögulega sleppir einstaklingurinn því að koma. Það viljum við forðast og bjóða alla einstaklinga velkomna til okkar.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**
Þýðingarvinna fer strax í gang og mun taka um mánuð. Við munum greiða nokkrum einstaklingum til að þýða texta á sem flest tungumál.

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Þýðingarvinna | 360000 |
| Textavinna og úrvinnsla | 50000 |
| - | - |

**Samtals** **410.000**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **0**

**Upphæð sem sótt er um:** 410000

### Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 410000 |
| - | - |
| - | - |

**Samtals**
**410.000**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **0**

## Aðrar upplýsingar

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

Já, en ekki tengt þessu verkefni.

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?**

Já. Borgarsjóður styrkti verkefni Samtakanna ´78 sem heitir Hugrakkasti riddarinn um 270.000 krónur árið 2014. Svo fengu Samtökin ´78 styrk árið 2007 úr Þróunarsjóði menntaráðs að upphæð 1.600.000 kr. Einnig eru Samtökin með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg, annars vegar vegna fræðslustarfa (2.000.000 kr.) og hins vegar vegna reksturs og ráðgjafar (3.000.000). Þó ber að nefna að það fé er aðeins notað í það sem þjónustusamningarnir ná til og munu ekki fjármagna þetta verkefni að neinu leyti.

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Umsækjandi vill fyrirfram þakka Reykjavíkurborg fyrir gott samstarf á liðnum árum og einnig því góðfúslega og faglega viðmóti sem mætir Samtökunum í samskiptum við Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg
mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 12. mars 2018
R17100178
2121

# UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Anna Kristinsdóttir

---

***Umsögn um styrkumsókn samtaka 78***

Í styrkumsókninni óska Samtökin 78 eftir 410.000 króna styrk frá Reykjavíkurborg til að þýða sem flest útgefið efni samtakana á helstu tungumál sem töluð eru á Íslandi til þess að gera þjónustu samtakana aðgengilega fyrir fólk af erlendum uppruna sem búa á Íslandi en hafa ekki ennþá náið tökum á íslensku.

**Umsögn mannréttindaskrifstofu:**

Mannréttindaskrifstofa fagnar afstöðu samtakanna til fjölmenningarlegs samfélags og að vilja þjónusta allt hinsegin fólk á Íslandi. Samkvæmt Hagstofu Ísland búa í Reykjavík einstaklingar frá að minnsta kosti 137 löndum en fjölmennustu hóparnir eru Pólverjar og Litháar.

Reykjavíkurborg undirritaði í byrjun febrúar samning við samtökin 78 til þriggja ára þar sem m.a. er er tryggt að íbúar Reykjavíkurborgar geti leitað sé ráðgjafar hjá Samtökunum sér að kostnaðarlausu. Að mati mannréttindaskrifstofu átti kostnaður við að þjónusta íbúa af erlendum uppruna að falla þar undir. Auk þess hefur mannréttindaráð m.a. styrkt samtökin vegna útgáfu efnis á bæklingnum Hvað er hinsegin? eða What is queer?

Í umsókninni kemur ekki nákvæmlega fram hvaða efni verður þýtt og á hvaða tungumálum. Útgefið efni þarfnast sífelldrar endurskoðunar og líftími slíks efnis er ekki langur. Ennfremur er ljóst að ekki er mögulegt að þýða allt efni á öll þau fjölmörgu tungumál sem hér eru töluð. Mannréttindaskrifstofa mælir með því að verkefnið verði skilgreint frekar í samvinnu við mannréttindaskrifstofu áður en að slík styrkumsókn verði lögð fyrir borgarráð.

Með kveðju
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri Reykjavíkur

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-10-02-0302** |
| **Nafn umsækjanda** | Framtíðarlandið,félag |
| **Kennitala** | 5506061430 |
| **Heimilisfang** | Pósthólf 267 |
| **Netfang** | larus@gaflaraleikhusid.is |
| **Póstnúmer** | 101 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 8607481 |
| **Símanúmer 2** | 8607481 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Lárus Vilhjálmsson |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 1502612449 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | Álfagarður |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | 276 |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | larus@gaflaraleikhusid.is |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | 8607481 |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | Verkefnastjóri |
| **Banki** | 0526 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 1430__ |

## Lýsing á verkefni

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis** | Túrbínan 10 ára |

**Verkefnið í hnotskurn**
Dagskrá sem minnist 10 ára afmælis Kárahnjúkavirkjunar á opinskán og gagnrynin hátt með kvikmynda og ljósmyndasýningum og málþingi

**Verkefnislýsing**
Sótt er um milljón króna styrk til dagskrár sem haldin verður í byrjun árs 2018 í tilefni af því að Kárahnjúkavirkjun var formlega tekin í notkun þann 30. nóvember 2007. Mun hún fjalla um byggingu Kárahnjúkavirkjunar, mótmælin gegn henni og náttúruna sem var fórnað, Upprunalega átti að halda þessa dagskrá síðari hluta október, þegar fyrsta túrbínan var tekin í notkun, en sökum alþingiskosninganna 28. október ákváðum við að fresta henni framyfir áramót, en endanleg dagsetning liggur enn ekki fyrir. Í Bíó Paradís verður lítil kvikmyndahátíð þar sem verða m.a. sýndar þrjár nýjar íslenskar heimildamyndir auk heimildamynda frá 20 ára tímabili sem tengjast Kárahnjúkavirkjun. Stór ljósmyndasýning með myndum nokkurra af bestu landslagsljósmyndara landsins verður haldin í Hörpu. Sýning í Norræna húsinu mun síðan fjalla um andóf ólíkra hópa gegn Kárahnjúkavirkjun. Ferðafélagsins Augnabliks,Saving Iceland og Ómar Ragnarsson Málþing um Kárahnjúkavirkjun, orkufrekan iðnað og samfélagsmál því tengd, þar sem Austurland er skoðað sérstaklega, auk breytts verðmætamats í sögunnar rás verður haldið á vegum mismunandi deildainnan Háskólans í Veröld húsi Vigdísar undir stjórn dr. Sigríðar Þorgeirsdóttur prófessors íheimspeki. Ábyrgð Reykjavíkurborgar er mikil í þessu máli og nauðsynlegt að lýðræðisleg umræða fari fram meðal almennings og stjórnmálaflokkana á stórvirkjunarhugmyndum Landsvirkjunar í dag.

| | |
|---|---|
| **Sótt er um verkefni á sviði** | Jafnréttis- og mannréttindamála |

**Markmið**
MArkmiðið er að læra af fortíðinni.Virkjanasvæði Kárhnjúkavirkjunar var stærsta ósnortna víðerni Evrópu og eitt magnaðasta útivistarsvæði landsins sem sameinaði allt í senn; stórbrotið landslag, gróskumikinn gróður og fjölbreytt dýralíf. Það hefði verið eitt helsta djásnið í hálendisþjóðgarði sem öll náttúruverndarhreyfingin, útivistarsamtök og Samtök freðaþjónustunnar berjast nú fyrir að verði stofnaður og æ fleiri stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar styðja. Stærsta atvinnugrein landsins byggir tilveru sína á því að náttúru landsins verði ekki raskað meir.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?** Bæði kynin jafnt

**Hverjir munu vinna að verkefninu?** Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)** Já

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?** Það sturkir lýðræðislega umræðu um álitamál í samfelaginu.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**
Það er gífurlega mikilvægt að læra af mist0kum fortíðarinnar og því er það mikilvægt að rifja upp deilurnar um Kárahnjúkavirkjun til að skerpa á brýnni þörf um stofnun Hálendisþjóðgarðs

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**
Undirbúningur að verkefninu er hafin og í nóvember og desember verður safnað saman myndefni og textum og það sett á rafrænt form. Í byrjun janúar hefjast uppsetningar á sýningum ín Norræna húsinu og Hörpu

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Sýning Harpa | 1250000 |
| Sýning Norræna húsið | 1100000 |
| Kvikmyndasýningar Bíó | 850000 |
| Verkefnastjórn og annar kostnaður | 950000 |

**Samtals** **4.150.000**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| Umhverfisráðuneyti | 1000000 |
| Reykjavíkurborg | 1000000 |
| Sjóðir og einkaaðilar | 1500000 |
| Eigið framlag | 650000 |

**Samtals** **4.150.000**

**Upphæð sem sótt er um:** 1000000

**Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:**

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| **Eigið framlag** | **650000** |
| **-** | **-** |
| **-** | **-** |

**Samtals**
**650.000**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| **Umhverfisráðuneyti** | **1000000** |
| **Wow air** | **500000** |
| **Icelandair** | **500000** |
| **Ferðaþjónustufyrirtæki** | **500000** |

**Samtals** **2.500.000**

## Aðrar upplýsingar

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** Nei

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** Nei

**Annað sem umsækjandi vill taka fram** -

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-09-29-0019** |
| **Nafn umsækjanda** | Samtök hernaðarandstæðinga |
| **Kennitala** | 4512770579 |
| **Heimilisfang** | Njálsgötu 87 |
| **Netfang** | sha@fridur.is |
| **Póstnúmer** | 125 |
| **Staður** | Kópavogur |
| **Símanúmer 1** | 5540900 |
| **Símanúmer 2** | 6949996 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Samtök Hernaðarandstæðinga |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 4512770579 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | CEO |
| **Banki** | 0322 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 580___ |

## Lýsing á verkefni

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis** | Úrbætur í aðgengismálum |

**Verkefnið í hnotskurn**
Komið verði upp hjólastólalyftu í Friðarhúsi, til að gera fötluðum unnt að taka þátt í starfsemi í húsnæðinu.

**Verkefnislýsing**
Friðarhús, Njálsgötu 87, er félagsheimili Samtaka hernaðarandstæðinga en hefur jafnframt lagt fjölda lítilla félagasamtaka til aðstöðu fyrir hvers kyns fundarhöld og skipulagningu pólitískra aðgera, einkum á sviði friðar- og mannréttindamála. Húsnæðið var keypt árið 2005 og tók mið af takmörkuðum fjárhag samtakanna. Meginhluti húseignarinnar er í kjallara með tröppum sem takmarka aðgengi fólks í hjólastól. Slíkt er afar bagalegt og stangast á við nútímaviðhorf í félagsstarfi. Allir ættu að geta tekið þátt í starfi frjálsra félagasamtaka óháð líkamlegu atgervi. Meðal þeirra samkoma sem fram fara í húsinu eru fræðslufundir um átakasvæði í heiminum, undirbúningsfundir fyrir friðaraðgerðir á borð við friðargöngu á Þorláksmessu og kertafleytingu á Reykjavíkurtjörn og kynningarfundir fyrir skólanema. Í húsinu er einnig varðveitt bóka- og skjalasafn um friðar- og afvopnunarmál sem nemendur og fræðimenn geta nýtt sér. Afar bagalegt er að sú aðstaða gagnist ekki öllum vegna bágra aðgengismála. Að mati umsækjenda eru umbætur aðgengismála í Friðarhúsi, líkt og annars staðar þar sem svipuð starfsemi fer fram, mikilvægt lýðræðis- og mannréttindamál. Einnig má færa rök fyrir að stuðningur við starfsemi friðarhópa og -samtaka sé í takti við yfirlýsta stefnu Reykjavíkur um friðarborg.

| | |
|---|---|
| **Sótt er um verkefni á sviði** | Jafnréttis- og mannréttindamála |

**Markmið**

Markmiðið er að greiða fyrir samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og auka möguleika þess á að taka þátt í róttæku pólitísku starfi á sviði friðar- og mannréttindamála. Með því eflum við bæði starfsemina og auðgum samfélagið.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?** Bæði kynin jafnt

**Hverjir munu vinna að verkefninu?** Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**
Samtök hernaðarandstæðinga hafa þá skýru stefnu að greiða fyrir þátttöku allra í starfsemi sinni óháð kyni. aldri, efnahag eða fötlun. Verkefnið er í samræmi við þá stefnu og leiðir af henni.

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**
Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir: ¿Reykjavíkurborg lítur svo á að framlag fatlaðs fólks til velsældar og fjölbreytni borgarsamfélagsins sé verðmætt. Virk þátttaka fatlaðs fólks í samfélaginu eru grundvallarmannréttindi og kemur öllum til góða.¿ Að mati umsækjenda verður þessum markmiðum ekki náð með því að tryggja aðgengi fatlaðra að borgarstofnunum eingöngu. Möguleiki til virkrar þátttöku í pólitísku starfi og á vegum frjálsra félagasamtaka verður einnig að vera fyrir hendi.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**
Á ári hverju eru tugir funda eða samkomur af öðru tagi haldnir í Friðarhúsi. Umsækjendum er kunnugt um að fólk sem nota þarf hjólastól hafi orðið að sitja heima þar sem aðgengismál eru ófullnægjandi.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**
Uppsetning hjólastólalyftu fer fram fyrir árslok 2017. Vonir standa til þess að verkinu ljúki fyrir miðjan nóvember.

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Kaup og vinna við hjólastólalyftu | 1500000 |
| Annar frágangur við aðgengismál | 200000 |
| - | - |

**Samtals** **1.700.000**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **0**

**Upphæð sem sótt er um:** **500000**

### Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|

| | |
|---|---|
| **Reykjavíkurborg** | **500000** |
| **Samtök hernaðarandstæðinga og Friðarhús SHA ehf.** | **1200000** |
| **-** | **-** |

**Samtals**
**1.700.000**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **0**

## Aðrar upplýsingar

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** Nei

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?**
2006 hlaut Friðarhús SHA 200 þús. króna styrk vegna uppsetningar bókasafns um friðarmál í húsnæðinu.

**Annað sem umsækjandi vill taka fram** -

Reykjavíkurborg
mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 12. mars 2018
R17090273
1375
TIA

Borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

***Umsögn ferlinefndar um styrkumsókn Samtaka hernaðarandstæðinga***

Ferlinefnd fatlaðs fólks fagnar því að frjáls félagasamtök óski eftir því að geta tryggt aðgengi að húsnæði sem þau hafa til afnota undir starfsemi sína. Því miður hefur ferlinefnd eða aðrir opinberir aðilar ekki möguleika til að veita styrki til úrbóta í aðgengismálum til aðila utan borgarkerfisins. Hins vegar væri gott ef möguleiki á styrkveitingum til þriðja aðila utan borgarkerfisins væri til staðar, þar sem eftirspurn eftir slíkum styrkjum er augljóslega til staðar og hafa sambærilegar beiðnir áður borist til ferlinefndar.

F.h. ferlinefndar

Tómas Ingi Adolfsson
sérfræðingur

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-09-28-0158** |
| **Nafn umsækjanda** | Hollvinasamtök dráttarbátsins Magna |
| **Kennitala** | 5007171650 |
| **Heimilisfang** | Grandagarði 8 |
| **Netfang** | magnidrattarbatur@gmail.com |
| **Póstnúmer** | 101 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 8215884 |
| **Símanúmer 2** | - |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Axel Orri Sigurðsson |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 0801973659 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | Öldugata 11 |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | 220 Hafnarfjörður |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | axelsigurds97@gmail.com |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | 8215884 |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | Formaður |
| **Banki** | 0133 |
| **Höfuðbók** | 15 |
| **Reikningsnúmer** | 380955 |

## Lýsing á verkefni

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis** | Björgum Magna |
| **Verkefnið í hnotskurn** | Hollvinasamtök Magna ætla að gera upp fyrsta stálskipið smíðað á Íslandi |

**Verkefnislýsing**
Dráttarbáturinn Magni var smíðaður í Stálsmiðjunni í Reykjavík 1954 og er fyrsta stálskipið smíðað á Íslandi. Hjálmar R. Bárðarson hannaði skipið fyrir Reykjavíkurhöfn. Magni var afhentur 1955 og var hans fyrsta verkefni að taka á móti Gullfossi II. Magni var í dyggri þjónustu hafnarinnar til ársins 1990 þegar aðalvél skipsins gaf sig og skipinu var lagt. Magni hefur legið í reiðileysi síðan þá. Í byrjun árs 2017 fór Axel Orri Sigurðsson, Böðvar Eggertsson og Friðrik Friðriksson á fund hjá Borgsögusafni sem haldinn var um borð í Magna en við höfðum haft samband við safnið vegna framtíðar Magna sem leiddi til fundarins. Í kjölfar hans voru stofnuð Hollvinasamtök Magna sem eru almenn félagasamtök og starfa í ófjárhagslegum tilgangi. Okkar markmið er á næstu 5 - 6 árum að gera upp Magna og varðveita skipið sem er fyrsta Stálskipið smíðað á Íslandi og sögu þess. Markmið þess árs sem styrkurinn mun nýtast er: Slipptaka Þétta skipið fyrir veturinn Rafmagn og hiti Koma upp neysluvatni.

| | |
|---|---|
| **Sótt er um verkefni á sviði** | Menningarmála |

**Markmið**
Markmið hollvinasamtaka Magna er: A) Varðveita bátinn B) Koma bátnum í sitt upprunalega horf C) Gera bátinn haffærann D) Varðveita sögu bátsins sem fyrsta stálskip sem smíðað er á Íslandi og teiknað af Hjálmari R. Bárðarsyni

| | |
|---|---|
| **Hverjir hafa helst hag af styrknum?** | Bæði kynin jafnt |

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

Umsókn félagið er opið öllum og allir eru velkomnir að koma að endurreisn Magna.

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

Öllum er velkomið að taka þátt í starfsemi Magna, óháð kyni, uppruna, aldri eða þess háttar. Yngsti félagsmaður Magna er tvítugur og elsti verður áttræður í byrjun október. Hollvinasamtök Magna er almenn félagasamtök opinn hvaða einstaklingi sem er og við tökum á móti öllum með opna arma

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**

Varðveisla skipa og báta á Íslandi hefur verið í algjöru lágmarki og til skammar hvað lítið hefur verið varðveitt. Dráttarbáturinn Magni er gamalt stálskip og var um tíma eini dráttarbáturinn sem Reykjavíkurhöfn hafði yfir að ráða og sinnti störfum fyrir þá í rúm 35 ár. Núna er Magni eitt af þessum gömlum skipum(öldungum) og við erum heppinn að hann sé ekki horfinn á braut. Varðveisla Magna er mikilvæg bæði fyrir skipa og bátamenningu á Íslandi sem og iðnarasögu Íslands, á eftir Magna komu mörg frábær stálskip í öllum stærðum og gerðum. Hjálmar R Bárðason barðist fyrir smíði skipsins og rétt náði því í gegn. Að geta boðið komandi kynslóð um borð í Magna í framtíðinni og frætt það um tímabilið í íslenskri iðnsögu þegar stálskip runnu hér niður nánast af færiböndum væri ómetanlegur fjársóður. Og tala ekki um ef hægt væri að bjóða uppá skemmtisiglingar á fyrsta stálskipinu smíðað á Íslandi Því er mikilvægt að allir sameinast og hjálpi okkur hjá Hollvinasamtökum Magna að koma þessu stóra sögulega kennileiti aftur á kortið. Og því með skora ég ykkur hjá Borgarsjóði að styrkja okkur og hjálpa okkur að klífa brekkuna í þessu stóra og aðkallandi verkefni.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

Okkar markmið er að koma skipinu í upprunalegt horf á næstu 5-6 árum

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Upptekt og sjósetning | 285000 |
| Kostnaður slippur 14 dagar | 308000 |
| Zink(Álanóður) | 225000 |
| Botnþvottur og botnmálning | 875000 |
| Síður - þvottur og málning | 305000 |
| Ofandekk - þvottur og málning | 895000 |
| Endurnýjun á stormhurðum | 1700000 |
| Dælun úr vélarrúmi, lest og stýrisvélarrúmi | 250000 |

**Samtals** **4.843.000**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| Félagsgjöld | 150000 |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **150.000**

**Upphæð sem sótt er um:** **1700000**

**Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:**

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 1700000 |
| - | - |
| - | - |

**Samtals**
**1.700.000**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| Landsbanki samfélagssjóður (Umsókn sent inn - í vinnslu, beðið eftir svari) | 500000 |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **500.000**

## Aðrar upplýsingar

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

Nei

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?**

Nei

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Býð alla þá sem hafa áhuga hjá sjóðnum í heimsókn um borð í Magna

# Ferilskrá



Axel Orri Sigurðsson
kt. 080197-3659
Öldugata 11 kjallari - 220
Hafnarfjörður
Sími: 8215884
**Netfang:**
axelsigurds97@gmail.com

**Um mig:** Ég er 20. ára og er að stunda flugnám. Ég er mjög duglegur í vinnu og fljótur að læra. Stundvís og finnst gaman að takast á við áskoranir.
Er með bílpróf.
Er með STCW Hásetaskírteini - Vaktmaður í brú.
12 m skipstjórnarréttindi innanlands (Pungapróf)
45 m yfirstýrimannsréttindi á fiskiskip.

**Búin með eftirfarandi námskeið hjá Slysavarnarskóla Sjómanna:**
Grunnnámskeið STCW
Hóp og neyðarstjórnun

**Markmið:**
Markmið mitt er að vinna mismunandi krefjandi störf sem veita mér reynslu og þekkingu á ýmsum sviðum sem geta nýst mér í lífinu

**Menntun:** 2003 - 2013: Glerárskóli. Meðaleink: 8.15.
2013 - 2016: Tækniskólinn í Reykjavík - Skipstjórnarbraut - öll réttindi og stúdent

**Starfsferill:** Whale Safari júní 2017 til október 2017
Skipstjóri á RIB bát
September - 2016 til mars - 2017
Securitas - Verslunarþjónusta
Sumar - 2016: Samskip P/F - Háseti á Mv. Helgafell

Páskar - 2016: Samskip P/F - Háseti á Mv. Helgafell

September - 2015 - September 2016: Dominos - Sendill

Sumar/hlutavinna 2015: Björns Bakarí - Aðstoðarmaður bakara.

Sumar - 2015: Samskip P/F - Háseti á Mv. Helgafell

Sumar - 2014: Ambassador - Háseti

Sumar - 2013: Kristjáns Bakarí - Aðstoðarmaður bakara.

Okt 2012 - maí 2013: LasertagAK.

Sumar - 2012: Strandveiðar á Einar EA-6603.

Sumar - 2011: Unglingavinna Akureyrarbæjar.

**Tungumál:** Góð kunnátta á íslensku. Kann mestann orðaforða/málfræði í ensku. Get reddað á dönsku.

**Tölvukunnátta:** Mjög góð tölvukunnátta og kann mest allt í office pakkanum. Hef góða reynslu af uppsetningu á einföldum hljóðkerfum og því tengt.

**Meðmælendur:**

Reynar Davíð Ottóson - CEO & skiptsjóri hjá WhaleSafari
S. 7708212
Steinþór Bjarnason - Verslunarstjóri Dominos -
Fjarðargötu S. 8225505
Laufey Sigurbjörnsdóttir - Þjónustustjóri Securitas S. 5807149

# Lög
# Hollvinasamtaka dráttarbátsins Magna.

**1.gr.**
Samtökin heita Hollvinasamtök dráttarbátsins Magna
**2. gr.**
Markmið samtakanna er að vera Borgarsögusafni Reykjavíkurborgar innan handar við að :

A) Varðveita bátinn
B) Koma bátnum í sitt upprunalega horf
C) Gera bátinn haffærann
D) Varðveita sögu bátsins sem fyrsta stálskip sem smíðað er á Íslandi og teiknað af Hjálmari R. Bárðarsyni

**3. gr.**
Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná með því að leita til þeirra aðila sem komu að smíði og reksturs Magna, sem og hagsmunaaðilum á sviði minjavörslu.

**4. gr.**
Aðild að samtökunum geta átt einstaklingar, söfn, fyrirtæki, félög og samtök.

**5. gr.**
Starfstímabil samtakanna er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

**6. gr.**

A) Aðalfundur hefur í öllum málefnum æðsta vald í málum Hollvinasamtaka Magna
B) Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað.
C) Einstaklingar og fulltrúa sbr. 4 grein sem hafa skráð sig í samtökin eiga rétt til setu aðalfundar og hafa atkvæðisrétt á fundinum.
D) Reikningar skulu liggja frammi áður en aðalfundur hefst, endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum
E) Tillögur, frá öðrum en stjórn samtakanna, sem leggja á fyrir aðalfund skulu hafa borist stjórninni eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.
F) Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

A) Kosning fundarstjóra og fundarritara
B) Skýrsla stjórnar lögð fram
C) Reikningar lagðir fram til samþykktar
D) Lagabreytingar
E) Ákvörðun félagsgjalds
F) Kosning stjórnar til tveggja ára, alls 5 stjórnarmenn
G) Kosning skoðunarmanna reikninga
H) Önnur mál

**7.gr.**
Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum; formanni, ritara og gjaldkera, auk 2 meðstjórnenda, sem kjörnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Fulltrúar Faxaflóahafna annars vegar og Borgarsögusafns hins vegar eiga sæti í stjórn, einn frá hvorum aðila.

**8.gr.**
Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

**9. gr.**
Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið óskiptur í rekstur og viðhald dráttarbátsins Magna.

**10. gr.**
Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Sjóminjasafnsins í Reykjavík (Borgarsögusafns Reykjavíkur).

Lög þessi voru samþykkt á ***stofnfundi***
Dagsetning: ***25. júní 2017.***

**Dagss.: 14.06.2017**

**Ref: Faxaflóahafnir ehf**

| Til: | Frá: |
|---|---|
| Axel Orri Sigurðsson | Stálsmiðjan - Framtak ehf.<br>Vesturhraun 1<br>210 Garðabær<br>GSM: 660 3545<br>Sími: 552 4400 |
| GSM: 821 5884 | Símbréf: 552 5504 |
| Sími: | |
| Símbréf: | Netfang: bth@stalsmidjan.is |
| Attn: Axel Orri Sigurðsson<br>Netfang: axelsigurds97@gmail.is | |

**Málefni: Slipptaka á Magna II RE**

**Um leið og við þökkum fyrir fyrirspurn ykkar sendum við eftirfarandi tilboð í slipptöku, málningu ofl.:**

**1. Upp- og framsátur.**
Taka skipið upp og sjósetja að nýju þegar slippvinnu líkur ásamt stöðu í slipp daginn sem skipið er tekið upp. Reiknað er með að vinna fari fram innan hefðbundins vinnutíma Stálsmiðjunnar – Framtaks ehf.
Verð kr. 285.000,-

**2. Staða í slipp.**
Slipp leiga per dag umfram fyrsta dag. Reiknast m.v. unna daga.
Verð per dag kr. 22.000,-

**3. Rafmagn.**
Landleiga og kapalleiga kr. 20.000,-
Rafmagnsnotkun per kWst kr. 14,00

**4. Álanóður.**
Álanóða ákominn per kg. kr. 2.550,-

**5. Botnþvottur og botnmálning tveggja ára kerfi.**
Hreinsa botn með háþrýstiþvotti. Hreinsað er með 400-600 bara þrýstingi þannig að öll óhreinindi og laus málning fari af. Opnun hreinsun og lokun á sjóinntökum er innifalið.
Bletta allt að 25 % af botni 2 umferðir með grunni og heilmála tvær umferðir með botnmálningu.
Verð samtals : kr. 875.000,-

**6. Þvo og mála síður.**
Þvo síður eins og botn í kafla 5. Bletta allt að 20 % af fletinum, grunna tvisvar og heilmála með lakki og merkja.
Verð samtals : kr. 305.000,-

**7. Þvottur og málun ofandekks.**
Þvottur og málun eins og á síðum samkvæmt málningarkerfis frá Hempels.
Verð samtals : kr. 895.000,-

**8. Botn- og síðulokar ef þarf.**
Fyrir botn- og síðuloka er boðið eftirfarandi einingarverð per stk.

| | |
|---|---|
| 11/2" og minni | kr. 25.200,- |
| 2” - 21/2" | kr. 32.200,- |
| 3” - 4” | kr. 42.800,- |
| 5” - 6" | kr. 46.800,- |
| 7" - 8" | kr. 49.200,- |
| 9” - 10” | kr. 56.000,- |
| WC-lokar | kr. 58.800,- |

Hér er reiknað með að taka lokan í sundur á staðnum og hreinsa lokahús og mála með Apeoxior, slípa sæti og keilu, liðka og hreinsa spindil og setja saman

**Greiðsluskilmálar.**
Við upphaf verks 25%, á verktíma 50% og í verklok 25%.
Eða samkvæmt nánara samkomulagi.

**Verktími.**
Verktími ræðst af veðurfari og umfangi verks.
Áætlað er ca. 2 til 3 vinnuvikur.
Verk getur hafist samkvæmt samkomulagi.

**Öryggisreglur Stálsmiðjunnar – Framtaks ehf.**
**Vegna þeirra öryggisreglna sem stjórn Stálsmiðjunnar – Framtaks ehf. hefur ákveðið að taka upp á vinnusvæðum fyrirtækisins gildir eftirfarandi:**
**Allir verktakar og aðilar á vegum verkkaupa, skulu kynna sér og fara eftir þeim öryggisreglum sem gilda á athafnasvæðum Stálsmiðjunnar - Framtaks ehf.**

**Stálsmiðjan - Framtak ehf.**
**Með kveðju,**

**Bjarni Thoroddsen**



Hollvinasamtö

BEIN ÚTSENDING: WOW CYCLOTHON

200 mílur | Morgunblaðið | 21.6.2017 | 20:43

# Dráttarbátur með merka sögu




Hönnuðurinn og skipið. Hjálmar R. Bárðarson skipaverkfræðingur við dráttarbátinn Magna í Reykjavíkurhöfn. Myndin er tekin í október 2004 þegar liðin voru nákvæmlega 40 ár frá því fyrsta stálskip Íslendinga var sjósett. *mbl.is/Einar Falur*

Sunnudaginn 25. júní næstkomandi klukkan 13:00 hefur verið boðað til stofnfundar Hollvinasamtaka Magna í Sjóminjasafninu í Reykjavík. Dráttarbáturinn Magni á sér merka sögu en hann var fyrsta stálskipið sem Íslendingar smíðuðu. Magni liggur nú utan á varðskipinu Óðni í Gömlu höfninni í Reykjavík.

Hann þarfnast viðhalds og hyggjast hin nýju hollvinasamtök standa að því.

Magni var smíðaður í Stálsmiðjunni í Reykjavík og hannaður af Hjálmari R. Bárðarsyni skipaverkfræðingi (1918-2009) fyrir Reykjavíkurhöfn. Hjálmar var mikill frumkvöðull og hafði lengi haft hug á að smíða fyrsta stálskipið. Reyndar hafði faðir Hjálmars hugað að smíði á fyrsta stálskipinu kringum 1916 en reynsla og aðstaða til þess var ekki til á Íslandi, segir á fésbók fundarboðenda hollvinasamtakanna.

Hjálmar hannaði bátinn svo að hann hentaði í flestöll verkefni auk aðalverkefnisins, sem var að aðstoða skip og draga. Báturinn gat t.d. tekið upp baujur með búnaði sem var staðsettur á stefni bátsins. Magni var einnig útbúinn til vatnsflutninga og gat borið um 40 tonn af ferskvatni og dælt um borð í skip. Þá var hann búinn öflugum dælum til að slökkva eld.

## Í notkun til 1989

Smíði bátsins gekk hægt en henni var sinnt milli verkefna hjá Stálsmiðjunni og ekki var mikið fjármagn til verkefnisins. Magna var hleypt af stokkunum í október 1954 og afhentur Reykjavíkurhöfn 25. júní 1955. Aðalvél og hjálparvél voru af gerðinni Deutz og dráttargetan var upp á 12 tonn.

Báturinn var í notkun til 1989 og átti farsælan feril hjá Reykjavíkurhöfn. Lengst af var hann eini dráttarbáturinn sem höfnin hafði yfir að ráða. Eins var Magni notaður mikið í vatnsflutninga til skemmtiferðaskipa þegar ytri höfnin var notuð. Árið 1989 bræddu aðalvélar Magna úr sér og ákveðið var að panta nýjan dráttarbát frá Hollandi.

Magni var afhentur Sjóminjasafninu til varðveislu fyrir nokkrum árum. Í mars á þessu ári hittu þeir Axel Orri Sigurðsson stýrimaður, Böðvar Eggertsson, vélstjóri og kennari, og Friðrik Friðriksson, fyrrverandi sjómaður, stjórn safnins og fengu að skoða bátinn.

Í framhaldinu ákváðu þeir félagarnir að undirbúa stofnun Hollvinasamtaka Magna en markmiðið með þeim er að gera bátinn upp og sýna honum þann sóma sem honum ber. Þremenningarnir eru miklir áhugamenn um sögu skipa og varðveislu þeirra.



Friðrik Friðriksson, María K. Sigurðardóttir, Borgarsögusafni, Böðvar Eggertsson, Axel Orri Sigurðsson og Guðmundur D. Hermannsson.

## Síðast í slipp árið 2005

Sem fyrr segir var Magni fyrsta stálskipið sem smíðað var á Íslandi. Eftir smíði hans urðu kaflaskil í iðnsögu Íslands og mörg öflug stálskip voru smíðuð. Sem dæmi má nefna varðskipið Albert, sem var smíði nr. 2 hjá Stálsmiðjunni, og strandferðaskipið Esju, sem smíðað var í Slippstöðinni á Akureyri.

„Magni er tákn um miklar framfarir bæði í siglinga- og iðnsögu Íslendinga og því mikilvægt að skipið verði varðveitt fyrir komandi kynslóðir,“ segja þeir félagar á fésbók.

Axel Orri Sigurðsson sagði í samtali við Morgunblaðið að vonandi yrði hægt að taka Magna upp í slipp í sumar til að meta skrokkinn. Magni var síðast tekinn í slipp árið 2005. Þá var hann botn-

hreinsaður og málaður. Hann hefur talsvert látið á sjá á þeim 12 árum sem síðan eru liðin. Draumurinn væri að gera við vélar bátsins svo hægt verði að sigla honum.

Axel Orri segir að hin nýju hollvinasamtök ætli sér að standa fyrir fjáröflun í sumar til verkefnisins. Hann kvaðst að lokum vonast eftir góðri aðsókn á stofnfund hollvinasamtakanna svo mynda mætti öflugan hóp til að vinna að þessu mikla verkefni.

## Fögnuðu nýju skipi

Að lokum skal vitnað í forystugrein Morgunblaðsins frá 17. október 1954. Hún lýsir vel hversu merkilegt það þótti að við Íslendingar hefðum smíðað stálskip:

„Síðastliðinn föstudag gerðist merkilegur viðburður í íslenzkri iðnsögu. Fyrsta stálskipinu sem smíðað hefur verið hér á landi var hleypt af stokkunum. Var það dráttarbáturinn Magni, sem er smíðaður fyrir Reykjavíkurbæ. Þeir, sem voru viðstaddir þessa athöfn, fögnuðu hinu nýja skipi innilega er það var runnið til sjávar og flaut fyrir landi.

Mönnum var það ljóst, að nýr tími var upp runninn í íslenzkum skipasmíðaiðnaði. Íslendingar voru nú teknir að byggja stálskip í landi sínu. Áður höfðu íslenzkar skipasmíðastöðvar aðeins byggt tréskip. Nú reið Stálsmiðjan í Reykjavík á vaðið og byggði traust og myndarlegt skip úr stáli.“

mbl.is/Árvakur hf. © 2017 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100

Reykjavík, 12. mars 2018

# UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð Reykjavíkurborgar

**Sendandi:** Borgarsögusafn Reykjavíkur

---

***Styrkbeiðni Hollvinasamtaka dráttarbátsins Magna*** (Tilvísun í mál: R17100254)

> *Neðangreind styrkbeiðni Hollvinasamtaka dráttarbátsins Magna er hér með send borgarsögusafni til umsagnar. Umsögn óskast send innan 3 vikna.*

Hollvinasamtök dráttarbátsins Magna sendu erindi á borgarráð í september 2017 (skráð í skjalasafn 1. október 2017) og óskuðu eftir styrk til viðgerða og viðhalds bátsins, sem varðveittur er á Sjóminjasafninu í Reykjavík, í Vesturbugt.

Hollvinasamtökin voru stofnuð fyrr á þessu ári og hafa nú þegar unnið ötullega og í góðu samstarfi við safnið og fleiri aðila, að afar brýnum og tímabærum viðhaldsaðgerðum. Samtökin fengu styrk frá borgarráð í lok síðast árs, til að standa straum af kostnaði við nauðsynlega slipptöku Magna. Borgarsögusafn mælti með þeirri styrkveitingu, rétt og skylt er að benda á að þeirri framkvæmd er núna lokið og sl. föstudag, 9. mars, kom Magni aftur að legunni við safnið; nýmálaður, með nýju sinki (til varnar tæringu), fegurri og í betra ástandi en hann hefur verið í mörg ár. Það má því segja að sú viðgerð á skipsskrokknum hafi snúið við hnignunarsögu Magna, sem er þar með á vissan hátt kominn á lygnan sjó til næstu ára. En þá er að huga að framhaldinu. Það er því ljóst að rifandi gangur er í framkvæmdum í tengslum við Magna og að þeir atorkusömu áhugamenn sem í hollvinasamtökunum eru, standa sannarlega við þær framkvæmdir sem þeir leggja í og hafa nýtt fjármagnið einstaklega vel. Styrkur borgarráðs er nauðsynlegur til að fjármagna allar framkvæmdir, en jafnframt gríðarleg viðurkenning fyrir mikilvægt og gott starf hollvinasamtakanna. Sama á við um aðra styrki og stuðning sem hollvinasamtökin afla til verkefnisins.

Fyrir söfn eins og Borgarsögusafn er verulega mikill fengur í sjálfboðaliðasamtökum eins og þessum, þar sem einstaklingar með brennandi áhuga á viðfangsefninu leggjast á árar með safninu að sinna verkefnum sem þessu, sem því miður hafa fengið að sitja á hakanum. Því fögnum við þessu góða frumkvæði og þeim drifkrafti sem því fylgir. Hollvinasamtökin hafa gert góða og vandaða áætlun í tengslum við helstu verkefni sem blasa við á komandi misserum og leitað tilboða. Það er ljós að kostnaður við þessa vinnu er þó nokkur, eins og kemur fram í gögnum hollvinasamtakanna og hún verður ekki unnin án þessa styrks.

**Borgarsögusafn Reykjavíkur mælir eindregið með því að þessi beiðni verði samþykkt, 1.700.000 kr. og fjármagnið fari í endurnýjun 4 stormhurða í yfirbyggingu Magna á þessu ári. Með því móti nást gríðarlega mikilvægir áfangar í viðgerð og viðhaldi Magna á þessu fyrsta starfsári hollvinasamtakanna, sem kemur safninu og Reykjavíkurborg sannarlega til góða.**

Guðbrandur Benediktsson
Safnstjóri

**BORGARSÖGUSAFN REYKJAVÍKUR**
Grandagarði 8, 101 Reykjavík
Sími: (+354) 411 6300
borgarsogusafn@reykjavik.is
www.borgarsogusafn.is

Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-09-12-0043** |
| **Nafn umsækjanda** | Borgarkórinn |
| **Kennitala** | 5604091760 |
| **Heimilisfang** | Borgartúni 12-14 |
| **Netfang** | borgarkorinn@reykjavik.is |
| **Póstnúmer** | 105 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 8968012 |
| **Símanúmer 2** | - |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Hallgrímur Eymundsson |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 1905784459 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | Sléttuvegur 7 |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | 103 |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | hallgrimur.eymundsson@reykjavik.is |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | 8968012 |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | Formaður Borgarkórsins |
| **Banki** | 0313 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 560409 |

## Lýsing á verkefni

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis** | Borgarkórinn |
| **Verkefnið í hnotskurn** | Borgarkórinn er kór borgarstarfsmanna sem æfir einu sinni í viku og kemur fram við ýmis tækifæri. |

**Verkefnislýsing**
Kórinn æfir vikulega frá september og fram í maí. Æfð eru íslensk og erlend lög auk jólalaga fyrir jólin og flutt við ýmis tækifæri. Ennfremur er kórinn tilbúinn með stutt lagaprógram og er tilbúinn að koma fram fyrir hönd borgarinnar t.d. á fundum og ráðstefnum sem borgin stendur fyrir.

| | |
|---|---|
| **Sótt er um verkefni á sviði** | Menningarmála |

**Markmið**
Markmiðið er að gefa borgarstarfsmönnum kost á að hittast í frítíma sínum og vinna saman að skemmtilegum verkefnum.

| | |
|---|---|
| **Hverjir hafa helst hag af styrknum?** | Fleiri konur en karlar |
| **Hverjir munu vinna að verkefninu?** | Aðallega konur |
| **Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef** | Já, við reynum stöðugt að fá fleiri karla í kórinn. |

**félag, fyrirtæki eða stofnun)**

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**
Vel. Hvatt er til þátttöku karla til að jafna kynjahlutfall. Breiður aldurshópur. Unnið er að því að gera fólki með fötlun kleift að taka virkan þátt í kórstarfinu.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**
Borgarstarfsmenn vinna margir hverjir undir miklu álagi fyrir lág laun og hafa þörf fyrir að slaka á og afstressa sig í frítíma sínum. Söngur er kjörinn til þess. Léttir lund og bætir geð, eins og auglýst var fyrir alla borgarstarfsmenn.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**
Æfingar hófust í byrjun september og standa út maí. Æft er vikulega á þriðjudögum kl. 17-19. Á haustönn er langur laugardagur og á vorönn eru æfingabúðir fyrir utan bæinn yfir helgi.

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Laun kórstjóra | 1080000 |
| Kostnaður vegna útsetninga | 120000 |
| - | - |

**Samtals** **1.200.000**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| Æfingagjöld kórfélaga | 850000 |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **850.000**

**Upphæð sem sótt er um:** **1080000**

### Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 1080000 |
| - | - |
| - | - |

**Samtals**
**1.080.000**

### Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| - | - |

| | |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| **Samtals** | **0** |

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| **Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** | Nei. |
| **Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** | Borgarsjóður hefur styrkt kórinn nokkur sl. ár, á síðasta ári var styrkurinn kr. 750.000. |
| **Annað sem umsækjandi vill taka fram** | - |

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-10-02-0332** |
| **Nafn umsækjanda** | Reykjavík Bacon Festival ehf. |
| **Kennitala** | 5008121170 |
| **Heimilisfang** | Þingholsbraut 24 |
| **Netfang** | thorbjornsig@gmail.com |
| **Póstnúmer** | 200 |
| **Staður** | Kópavogur |
| **Símanúmer 1** | 6986797 |
| **Símanúmer 2** | 8477419 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Þorbjörn Sigurbjörnsson |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 2901784799 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | Framkvæmdastjóri |
| **Banki** | 0526 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 005008 |

## Lýsing á verkefni

**Heiti verkefnis** Matarhátíð alþýðunnar / Reykjavík Bacon Festival

**Verkefnið í hnotskurn**
Matarhátíð í miðbæ Reykjavíkur. Fjölskylduhátíð sem haldin utandyra og sameinar matarframleiðendur landsins.

**Verkefnislýsing**
Sótt er um styrk frá Reykjavíkurborg til þess að kynna fjölbreytileika íslenskrar matvælaframleiðslu enn betur og á frumlegan og skemmtilegan hátt. Fyrirtæki í afurðageiranum geta auk þess nýtt hátíðina til að kynna nýjar vörulínur og vöruþróun og á sama tíma skapað skemmtilegt andrúmsloft í Reykjavík. Í tengslum við hátíðina væri möguleiki að hanna borða eða lógó sem aðilar sem koma að hátíðinni notað til að merkja vörur sínar til að auka sýnileika þeirra. Þá er hátíðin góð leið fyrir iðnaðinn að starfa saman í jákvæðu verkefni sem getur aukið samstöðu og leitt af sér fleiri verkefni. Um er að ræða eins dags hátíð og standa þarf straum af kostnaði við laun, markaðsmál, skemmtiatriði og uppsetningu hátíðarinnar.

**Sótt er um verkefni á sviði** Menningarmála

**Markmið**
Markmið hátíðarinnar er að efla mátt íslenskrar matvælaframleiðslu með því að kynna hana fyrir Íslendingum og ferðamönnum á skemmtilegan hátt í miðborg Reykjavíkur. -Að virkja og hvetja veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu til að nýta ferskt íslensk hráefni og á sama tíma styrkja matvælaframleiðendur á Íslandi. -Halda á lífi skemmtilegum viðburði í hjarta Reykjavíkur sem tekið er eftir.

**Hverjir hafa helst hag af** Bæði kynin jafnt

**styrknum?**

| | |
|---|---|
| **Hverjir munu vinna að verkefninu?** | Bæði kynin jafnt |
| **Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)** | Verkefnið hefur ekki ólík áhrif á kynin. |
| **Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?** | Engum er mismunað á hátíðinni og reynt að koma til móts við þarfir allra. |

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**

Mikil tækifæri felast í þessari hátíð fyrir bændur og matvælaiðnaðinn til að sýna samstöðu og leggja áherslu á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu hér á landi og kynna þær gæðavörur sem íslenskar landbúnaðarafurðir eru, þá sérstaklega í kjölfar umræðunnar um landbúnað á Íslandi á síðustu misserum. Á hátíð sem þessari er líka verið að tengja saman höfuðborgina og landsbyggðina sem er einstaklega mikilvægt fyrir bændur og þeirra framleiðslu.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

Gert er ráð fyrir að hátíðin fari fram aðra helgina í ágúst en það yrði ákveðið í samráði við Reykjavíkurborg og fundinn tími sem hentar öllum aðilum. Undirbúningur hátíðar byrjar í febrúar. Vinna við hátíðina hefst í júlí.

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| **Laun** | **1600000** |
| **Markaðsmál** | **2210000** |
| **Hráefniskostnaður** | **9200000** |
| **Skemmtiatriði** | **1000000** |
| **Uppsetning hátíðar** | **4360500** |
| **Annar rekstrarkostnaður** | **520000** |

**Samtals** **18.890.500**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| **Miðasala** | **3000000** |
| **Styrkir** | **12000000** |
| **-** | **-** |

**Samtals** **15.000.000**

**Upphæð sem sótt er um:** **-**

### Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

| Fjármögnunaraðili | Upphæð |
|---|---|
| **Reykjavíkurborg** | **-** |

| | |
|---|---|
| - | - |
| - | - |

**Samtals**
**0**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

**Samtals** **0**

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| **Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** | - |
| **Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** | - |
| **Annað sem umsækjandi vill taka fram** | - |

**Umsögn**

**frá Menningar- og ferðamálasviði**

Reykjavík 12. mars 2018

Með erindi dagsettu 19. febrúar 2018 óskaði Skrifstofa borgarstjórnar eftir umsögn frá Menningar- og ferðamálasviði (MOF) um *Matarhátíð alþýðunnar* en upphaflega var nafn hátíðarinnar: *Reykjavík Bacon Festival.*

Hátíðin *Reykjavik Bacon festival* var fyrst haldin árið 2011. Tilefnið var að hópur góðra vina ákvað að koma amerískum gestum sínum á óvart og héldu hátíðina með mjög skömmum fyrirvara og án mikils undirbúnings. Var hátíðinni strax tekið fagnandi og var hún haldin árlega til 2016. Laðaði hátíðin að sér fjölda gesta, jafnt íslenskra sem erlendra, og talið er að um 30.000 gestir hafi tekið þátt í hátíðinni í ágúst 2016.

Hátíðin er góð viðbót við fjölbreytta flóru hátíða í borginni og með stuðningi við hana væri verið að hlúa að grasrót og sjálfsprottnum viðburðum. Í menningarstefnu Reykjavíkurborgar er minnt á að menningarlífið í borginni sé sprottið af frumkvæði og sköpunarkrafti íbúa og gesta og að mikilvægt sé að hlúa að fjölbreytileikanum.

Hátíðin hefur verið haldin í nánu samstarfi við hagsmunaaðila, m.a. við rekstraraðila á Skólavörðustíg sem hafa tekið virkan þátt. Skipuleggjendur hafa einnig fengið til liðs við sig hina ýmsu matvælaframleiðendur til að vera með og kynna og selja vörur sínar.

Upphaflega var aðeins verið að kynna og bjóða beikon en árið 2016 var fleiri framleiðendum boðið að borðinu og nafni hátíðarinnar breytt í *Matarhátíð alþýðunnar* til að útvíkka vöruúrval og auka tækifæri til stækkunar.

Í umsókn frá aðstandendum hátíðar er tekið fram að áætlað sé að hátíðin muni fara fram aðra helgina í ágúst en rétt er að halda því til haga að þá helgi, 11. -12. ágúst, fer Reykjavík Pride fram, svo nauðsynlegt er að skoða vel hvort þessar tvær hátíðir fara saman. Skoða mætti hvort júlímánuður hentaði vel fyrir hátíð af þessu tagi, þar sem minna er um skipulagðar hátíðir og viðburði á þeim tíma.

Telur því Menningar- og ferðamálasvið að *Matarhátíð alþýðunnar/Reykjavík Bacon Festival* sé viðburður sem glæðir borgina lífi og ýti undir menningarlega fjölbreytni.

Björg Jónsdóttir

Viðburðarfulltrúi á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-10-02-0224** |
| **Nafn umsækjanda** | Kristjana G. Kristjánsson |
| **Kennitala** | 2708852099 |
| **Heimilisfang** | Barmahlíð 49 |
| **Netfang** | kristjanagk@gmail.com |
| **Póstnúmer** | 105 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 8653785 |
| **Símanúmer 2** | - |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Kristjana G. Kristjánsson |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 2708852099 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | eigandi (1 af 2) |
| **Banki** | 0301 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 027088 |

## Lýsing á verkefni

**Heiti verkefnis** MISS CHURRO

**Verkefnið í hnotskurn**
Staðurinn mun selja hefðbundna Churros sem á ættir sínar að rekja til spánar en með íslensku ívafi, ásamt ís.

**Verkefnislýsing**
Okkur langar til þess að opna Churro stað í miðbæ Reykjavíkur og auka þar með úrvalið af eftiréttastöðum í miðborg Reykjavíkur. Staðurinn mun selja hefðbundna Churros með íslensku ívafi, ásamt ís og óhefðbundu kurli (toppings). Okkur langar að bjóða upp á nýjann stað sem hægt er að hittast og njóta með vinum og fjölskyldu í skemmtilegu umhverfi. Okkur vantar styrk fyrir tækjakaupum og markaðssettningu.

**Sótt er um verkefni á sviði** Menningarmála

**Markmið**
Markmiðið er að auðga fjölbreytileikann í miðborg Reykjavíkur, menninguna og koma með nýja hugmynd sem ekki hefur verið framkvæmd áður auk þess að skapa rými þar sem hægt er að koma og sýna sig og sjá aðra á stað með góðann opnunartíma án þess að vera í þessu hefðbundna bar-umhverfi. Okkur langar að bjóða upp á stað þar sem hægt er að fá sér eftirrétt á hagkvæmu verði og njóta með fjölskyldu eða vinum og bjóða upp á eftirrétt sem hefur ekki verið fáanlegur á Íslandi áður. Okkur langar að staðurinn bjóði upp á mörg tækifæri til þess að smella af og deila myndunum á samfélagsmiðlum. Okkur langar að bjóða uppá eitthvað gómsætt fyrir alla óháð aldri, getu og fjárhag.

**Hverjir hafa helst hag af** Bæði kynin jafnt

**styrknum?**

| | |
|---|---|
| **Hverjir munu vinna að verkefninu?** | Aðallega konur |
| **Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)** | verkefninu er stjórnað og unnið af konum sem hjálpar til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. |

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**
Okkar markmið að staðurinn sé aðgengilegur öllum. Við erum að opna eftirréttastað sem kynnir spænska menningu fyrir íslendingum og ferðamönnum.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**
Við viljum auðga fjölbreytileikann í miðborg Reykjavíkur og koma með hugmynd sem ekki hefur verið framkvæmd áður auk þess að skapa rými þar sem hægt er að koma á stað með góðann opnunartíma án þess að vera í þessu hefðbundna bar-umhverfi. Okkur langar að bjóða upp á stað þar sem hægt er að fá sér eftirétt á hagkvæmu verði og njóta með fjölskyldu eða vinum og bjóða upp á eftirrétt sem hefur ekki verið fáanlegur á Íslandi áður. Okkur langar að bjóða uppá eitthvað gómsætt fyrir alla óháð aldri, getu og fjárhag. Miss Churro mun vera skemmtilegur staður sem mætir þörf íslendinga og ferðamanna fyrir einstaka og skemmtilega upplifun.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**
Nóv: námskeið Des: Fjármögnun verkefnis/semja við banka/fastsetja húsnæði Jan/Feb: skrá vörumerki/semja við birgja/hanna kynningarefni Mars/Apr: Klára markaðsáætlun, Semja við auglýsingastofu Maí/Júní: Innrétta húsnæði/leggja inn pantanir til birgja/ráða inn starfsfólk/taka á móti vörum, Júní: Opnun til að meta viðbrögð, Undirbúa opnunarkynningu, Opnunarpartí!

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| undirbúningskostnaður | 700000 |
| tæki og búnaður | 3500000 |
| Innréttingar | 6000000 |
| Markaðskostnaður | 555000 |
| Skráningar- og leyfisgjöld | 795500 |
| Ýmis sérfræðikostnaður | 500000 |
| - | - |

**Samtals** **12.050.500**

### Áætlaðar tekjur

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| sala á churro | 26000000 |
| sala á churro með ís | 99000000 |
| - | - |

**Samtals** **125.000.000**

**Upphæð sem sótt er um:** **2500000**

**Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:**

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 2500000 |
| - | - |
| - | - |

**Samtals**
**2.500.000**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| ATVINNUMÁL KVENNA | 2000000 |
| Grandinn Mathöll 2018 | 0 |
| - | - |

**Samtals** **2.000.000**

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| **Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** | já |
| **Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** | nei |
| **Annað sem umsækjandi vill taka fram** | Við sóttum um hjá miðborgasjóði en okkur var bent á að sækja um styrki úr borgarsjóði. |

# Söluáætlun - MS CHURRO ehf

| | | Jan |
|---|---|---|
| **Heimsóknir til viðskiptavina (fjöldi)** | | 9000 |
| **Hlutfall viðskiptavina sem kaupa vöru A (churro)** | | 40% |
| **Hlutfall viðskiptavina sem kaupa vöru B (churro & ís)** | | 60% |
| | | |
| Fjöldi eininga | | |
| Sala á vöru A | | 3600 |
| Sala á vöru B | | 5400 |
| | | |
| *Tekjur* | *verð í kr* | |
| Einingaverð á vöru A (meðalverð) | *500* | 1.800.000 |
| Einingaverð á vöru B (meðalverð) | *1100* | 5.940.000 |
| **Tekjur samtals** | | 7.740.000 |
| | | |
| **Bretying í sölu milli mánuða** | | |

| Feb | Mar | Apr | Maí | Jún | Júl | Ágú |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 9000 | 9000 | 9000 | 9000 | 12000 | 12000 | 12000 |
| 40% | 40% | 40% | 40% | 30% | 30% | 30% |
| 60% | 60% | 60% | 60% | 70% | 70% | 70% |
| | | | | | | |
| 3600 | 3600 | 3600 | 3600 | 3600 | 3600 | 3600 |
| 5400 | 5400 | 5400 | 5400 | 8400 | 8400 | 8400 |
| | | | | | | |
| 1.800.000 | ######### | ######### | 1.800.000 | ######### | ######### | ######### |
| 5.940.000 | ######### | ######### | 5.940.000 | ######### | ######### | ######### |
| 7.740.000 | ######### | ######### | 7.740.000 | ######### | ######### | ######### |
| | | | | | | |
| 0% | 0% | 0% | 0% | 43% | 0% | 0% |

| Sep | Okt | Nóv | Des | Árið |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| 9000 | 9000 | 9000 | 12000 | 120000 |
| 40% | 40% | 40% | 30% | |
| 60% | 60% | 60% | 70% | |
| | | | | |
| 3600 | 3600 | 3600 | 3600 | **43.200** |
| 5400 | 5400 | 5400 | 8400 | **76.800** |
| | | | | |
| ######### | ######### | ######### | ######### | **#########** |
| ######### | ######### | ######### | ######### | **#########** |
| ######### | ######### | ######### | ######### | **#########** |
| | | | | |
| -30% | 0% | 0% | 43% | |



# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-10-02-0283** |
| **Nafn umsækjanda** | Snorrasjóður,sjálfseignastofnun |
| **Kennitala** | 5710024260 |
| **Heimilisfang** | Óðinsgötu 7 |
| **Netfang** | info@snorri.is |
| **Póstnúmer** | 101 |
| **Staður** | Reykjavík |
| **Símanúmer 1** | 5510165 |
| **Símanúmer 2** | 895 5055 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Ásta Sól Kristjánsdóttir |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 2606754789 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | Grettisgötu 27 |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | 101 |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | astasol@snorri.is |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | 8955055 |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | verkefnisstjóri |
| **Banki** | 0334 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 011616 |

## Lýsing á verkefni

**Heiti verkefnis** Snorraverkefnið

**Verkefnið í hnotskurn**
Verkefnið er fyrir ungt fólk á aldrinum 18 - 28 ára af íslenskum ættum frá Kanada og Bandaríkjunum.

**Verkefnislýsing**
Verkefnið stendur yfir í 6 vikur á sumri hverju og skiptist í þrjá hluta: I. Tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Einnig er boðið upp á létta kvöld- og helgardagskrá þar sem þátttakendur fá tækifæri til að kynnast ungum Íslendingum og öðrum ungum Norðurlandarbúum (Nordjobb). II. Dvöl í þrjár vikur í heimabyggð forfeðra/-mæðra. Allir dvelja hjá ættingjum og taka þátt í starfsþjálfun hjá fyrirtæki eða sveitarfélagi á svæðinu. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á dýpri hátt. Yfirleitt dvelja einhverjir í Reykjavík. III. Vikulöng landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem gist er í svefnpokaplássi. Snorraverkefnið er gífurleg landkynning og snertir líf tuga fólks á ári hverju. Flestir snúa aftur og koma með vini og ættingja og þannig rúllar boltinn áfram. Sótt er sérstaklega um styrk til dagskrárinnar í Reykjavík enda dvelja allir hér og hefur höfuðborgin sterkt aðdráttarafl og hingað vilja allir koma aftur.

**Sótt er um verkefni á sviði** Menningarmála

**Markmið**
Markmið Snorraverkefnisins er að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland. Verkefnið er hvatning til ungra Vestur-Íslendinga um að varðveita og rækta íslenskan menningar- og þjóðararf sinn í fjölþjóðlegu samfélagi Kanada og Bandaríkja Norður-Ameríku, efla samskiptin við Ísland og Íslendinga og styrkja tengslin við önnur íslensk samfélög utan Íslands.

Upphaflegt markmið verkefnisins var einnig að gera skiptin gagnkvæm og sendum við íslensk ungmenni út á hverju sumri til þátttöku í Snorra West verkefninu. Þar að auki er tekið á móti hópi 30 ára og eldri sem koma í tengslum við menningarnótt.

**Hverjir hafa helst hag af styrknum?**
Bæði kynin jafnt

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**
Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**
Snorrasjóður hefur jafnrétti ætíð að leiðarljósi í öllu starfinu og er verkefnastjóri m.a. með BA próf í kynjafræði. Snorraverkefnið reynir að höfða til bæði stúlkna og drengja en oftast sækja fleiri stúlkur um og endurspeglar þátttakan það. Þetta er þekkt í menningarskiptaverkefnum sem þessum en við höfum ekki fundið á því skýringu. Við teljum verkefnið ekki höfða til stúlkna frekar og hafa þátttakendur af báðum kynjum notið þess jafn mikið. Árið 2016 var skiptingin nokkuð jöfn. Þátttakendur taka þátt í starfsþjálfun á meðan dvölinni stendur og er passað upp á að setja þá ekki inn í týpísk karla- eða kvennastörf eftir kyni, og má nefna sem dæmi að stúlkur hafa verið settar í röraverksmiðju og skurðgröfun og strákar í leikskóla- og umönnunarstörf. Þetta hefur reynst mjög vel og allir hlotið góða upplifun. Einungis einn starfsmaður vinnur að verkefninu og er hann kvenkyns. Ráðnir hafa verið inn starfsmenn í hlutastarf einnig.

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**
Snorraverkefnið fellur mjög vel að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefnið stendur þeim til boða sem hafa náð sjálfræðisaldri, eða 18-28 ára, og eru afkomendur Vestur-Íslendinga eða annarra sem flust hafa búferlum til Norður-Ameríku. Vegna sögulegrar tengingar og áherslu á ættartengsl hefur öðrum ekki verið boðið að taka þátt enda myndi verkefnið missa sérstöðu sína og þyrfti þá að vera af öðrum toga. Ekki er gerður greinarmunur á hversu mikill hluti blóðlínu er íslenskur en algengast er að ungmenninin séu 1/4 íslensk. Sé fólk ættleitt innan fjölskyldu er þeim einnig tekið fagnandi. Efri aldursmörk hafa verið sveigjanleg en boðið er upp á annað verkefni, Snorri Plus, fyrir þá sem komnir eru yfir þrítugt (hér geta líka makar og aðrir sem ekki eru af íslenskum ættum sótt um). Enginn sem sótt hefur um hefur verið með alvarlega fötlun en sumir hafa verið að komast yfir alvarleg veikindi eða slys og aldrei hafnað af þeim sökum. Við vinnum við með hvert tilfelli eins og best verður á kosið fyrir alla aðila. Þátttakendur hafa í flestum tilfellum blandast öðrum þjóðarbrotum og virðum trúarskoðanir fólks. Sem dæmi má nefna að sumarið 2017 voru þátttakendur sem voru hálf kínverskir, hálf tyrkneskir og ein var hálfur inúíti. Einnig hafa þónokkrir Mormónar af íslenskum ættum tekið þátt og nokkrir Gyðingar. Kynhneigð er eitthvað sem skiptir engu máli og höfum við haft bæði sam- og samkynhneigða einstaklinga í gegnum árin. Taka má fram að við biðjum ekki um mynd með umsókn og förum því alls ekki eftir útliti við val umsækjanda. Einnig gerum við ekki þá kröfu að unga fólkið sé í námi eða hafi lokið ákveðinni menntun. Þannig fá t.d. þeir sem ekki hafa haft efni á því að fara í nám eða eru verkmenntaðir, tækifæri til að taka þátt í verkefninu til jafns við aðra.

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**
Snorraverkefnið er afar þekkt meðal Vestur-Íslendinga og er talið eitt það markverðasta framtak til eflingu samskipta Íslands við Norður-Ameríku til framtíðar. Einkum er mikilvægt að virkja yngri kynslóðina til þess að sambandið deyji ekki út, enda hefur átt sér stað mikil endurnýjun í Íslendingasamfélaginu vestanhafs með tilkomu verkefnisins. Einnig hafa margir snúið aftur til að stunda hér nám og eru nokkrir búsettir hér núna vegna þess. Síðast flutti ein stúlka til Akureyrar fyrir um viku síðan en fjórir aðrir eru búsettir í Reykjavík við nám. Það er mikils virði fyrir íslenska menningu og samfélag að þessi mikilvægi menningararfur okkar glatist ekki, heldur sé ljóslifandi í ungu fólki beggja vegna Atlantsála. Að halda Snorraverkefninu lifandi er ekki einungis mikilvægt og gefandi fyrir þann einstakling sem tekur þátt heldur einnig það samfélag sem í hlut á, eða í þessu tilfelli Reykjavíkurborg. Okkur ber skylda til að viðhalda tengslum við ,,okkar" fólk og Snorraverkefnið er afar árangursrík leið til að tengja fólk saman og efla ímynd Íslands í Vesturheimi.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**
Umsókarfrestur rennur út 15. janúar 2018 og verða 14-16 ungmenni valin til þátttöku í byrjun febrúar. Þá hefst undirbúningur dagskrár, ættfræðivinnsla og fleira. Hér eru svo helstu dagsetningar: 10. júní 2017 - Snorra-þátttakendur koma til landsins og hefja tungumálanám og skemmtilega dagskrá í Reykjavík til 22. júní. 25. júní - Þátttakendur dvelja hjá ættingjum í þrjár vikur og taka þátt í starfsþjálfun. 12. júlí - Þátttakendur koma aftur til Reykjavíkur og dvelja eina nótt. 13. júlí - Landkynningarferð hefst. 20. júlí - Þátttakendur fara aftur til síns heima og bera út boðskapinn. Lok júní 2018 í 4 vikur: 5-6 Snorri West þátttakendur fara til Washington D.C., Toronto, Ottawa, L'Ans aux Meadows og Halifax. 15.- 29. ágúst 2017: Snorri Plus hópurinn er á landinu. September - desember: Frágangur verkefna, kynningarstarf, öflun styrkja, frí verkefnastjóra o.fl.

## Verkþættir og fjármögnun

**Áætluð útgjöld**

---

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Laun og launatengd gjöls | 8500000 |
| Skrifstofukostnaður | 1400000 |
| Sími, prentun, heimasíða o.fl. | 350000 |
| Kynningarstarf og ýmiss ferðakostnaður | 800000 |
| Fargjöld þátttkenda | 1400000 |
| Gisting í Reykjavík | 1300000 |
| Landkynningarferð | 1900000 |
| Ættfræði, útskrift o.fl. | 250000 |
| Dagpeningar og akstur | 400000 |
| Bókhald, bankakostnaður og annað | 220000 |
| Annað og ófyrirséð | 150000 |

Samtals 16.670.000

**Áætlaðar tekjur**

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 3500000 |
| Framlög þátttakenda | 7500000 |
| Framlög frá Vesturheimi (Jysk, Icelandic Roots, INLofNA) | 750000 |
| Tekjur vegna Snorri Plus | 1200000 |

Samtals 12.950.000

Upphæð sem sótt er um: 350000

**Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:**

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 350000 |
| Eimskip | 300000 |
| - | - |

Samtals
650.000

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| Akureyrarbær | 350000 |
| Landsbankinn | 500000 |
| Efla | 400000 |
| Önnur sveitarfélög | 800000 |
| Önnur fyrirtæki | 150000 |

Samtals 2.200.000

## Aðrar upplýsingar

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

Já, í einhver skipti þegar beðið var um að tekið yrði á móti einum þátttakenda í starfsþjálfun. Nú er sótt um styrk sérstaklega, um styrk til að standa straum að kostnaði við menningardagskrá 2018 en styrkur var veittur til hennar 2017 sem skipti sköpum fyrir verkefnið.

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?**

Já. Þá hefur sérstaklega verið sótt um styrk vegna starfsþjálfunartímabils ákveðinna þátttakenda og fengist 100.000 kr. í hvert sinn eftirtalin ár: 2002-2003 & 2006-2008. 200.000 þúsund króna styrkur fékkst vegna menningardagskrár 2013 og aftur 2017 upp á 300.000.

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Umsækjandi vill sækja sérstaklega um framlag í íslenskukennslu þátttakenda en kenndir eru 20 afar krefjandi tímar og keypt bókin Learning Icelandic. Kostnaður við þennan hluta er áætlaður 400 þúsund krónur árið 2018. Þessi hluti verkefnisins er sérstaklega mikilvægur og nemendur eru hvattir til að halda áfram að læra sjálfir og margir gera það. Þess má geta að a.m.k. 10 Snorrar eru altalandi á íslensku eftir að hafa tekið þátt í verkefninu. Meðfylgjandi eru 2 skýrslur. Ársskýrsla og stiklur úr starfi 2016. Gögn eru ekki tilbúin vegna 2017.

THE SNORRI FOUNDATION



Snorrasjóður

**Lokaskýrsla 2016**

# Snorrasjóður - Starfsemi 2016

*Snorraverkefnið* hefur frá upphafi verið samstarfsverkefni *Norræna félagsins* (NF) og *Þjóðræknisfélags Íslendinga* (ÞFÍ) á Íslandi. *Snorrasjóður,* sjálfseignarstofnun (á ensku: The Snorri Foundation) var formlega stofnaður þann 10. október 2002. *Norræna félagið* á Íslandi er áfram verktaki að verkefninu, framkvæmdastjóri NF hefur umsjón og yfirsýn með verkefninu, greiðir verkefnisstjóra laun og annan kostnað, en að öðru leyti fer verkefnisstjóri með daglegan rekstur verkefnisins undir stjórn *Snorrasjóðs*. Verkefnisstjóri er jafnframt framkvæmdastjóri *ÞFÍ*.

Stjórn *Snorrasjóðs* 2014 – 2016 skipa:
Halldór Árnason, formaður, tilnefndur sameiginlega af *NF* og *ÞFÍ*, Úlfur Sigurmundsson, varaformaður, fyrir hönd *NF*. Eydís Egilsdóttir aðalmaður fyrir hönd *ÞFÍ*. Varamaður er Ásdís Eva Hannesdóttir fyrir NF og Ástrós Signýjardóttir fyrir *ÞFÍ*. Fulltrúi Nemendasambands verkefnisins (á ensku: Snorri Alumni Association) er Gísli Rúnar Gíslason og fulltrúi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi er David Gislason frá Arborg. Stjórnarfundir ársins voru sex, auk aðalfundar 30. nóvember 2016 þar sem ný stjórn var kosin fyrir 2016-2018.

*Snorrasjóður* skipuleggur fjögur verkefni með Snorra-heitinu:

1) *Snorraverkefnið* (á ensku: The Snorri Program) fyrir ungt fólk á aldrinum 18 – 28 ára af íslenskum ættum frá Kanada og Bandaríkjunum. Markmið: Að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland. Verkefnið er hvatning til ungra Vestur-Íslendinga um að varðveita og rækta íslenskan menningar- og þjóðararf sinn í fjölþjóðlegu samfélagi Kanada og Bandaríkja Norður-Ameríku, efla samskiptin við Ísland og Íslendinga og styrkja tengslin við önnur íslensk samfélög utan Íslands.
2) *Snorri West.* Verkefnið var tekið upp að nýju á vegum Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi árið 2012 og ungum Íslendingum á aldrinum 18 – 28 ára boðið að sækja um þátttöku. Verkefnið var rekið í Manitoba-fylki fyrir unga Íslendinga á árunum 2001-2010. Sú stefna hefur verið tekin að hafa verkefnið breytilegt frá ári til árs og gefa þannig hinum ýmsu Íslendingabyggðum tækifæri á að taka þátt. Verkefnið er í samræmi við upphafleg markmið sem miðuðu að því að gera skiptin gagnkvæm.
3) *Snorri-plús* fyrir fólk af íslenskum ættum í Kanada og Bandaríkjunum 30 ára og eldra, maka þeirra og vini. Boðið hefur verið upp á tveggja vikna dagskrá síðan haustið 2003. Verkefnið stendur undir sér af þátttökugjöldum.
4) *Snorri Alumni Internsip* sem stendur tveimur fyrrum þátttakendum til boða, einum frá Kanada og einum frá Bandaríkjunum. Þátttakendur dvelja í Reykjavík í eina viku í upphafi dvalar og vinna verkefni fyrir Sendiráð Kanada og Bandaríkjanna. Þeir dvelja svo í allt að 10 vikur á Hofsósi í starfsnámi á Vesturfarasetrinu ásamt því að halda áfram að vinna að sendiráðsverkefnunum. Í lokin er einnig dvalið eina viku í Reykjavík.

## Verkefnisstjórn og mótun dagskrár

Hjá *Snorrasjóði* starfar að jafnaði einn starfsmaður í fullu starfi, Ásta Sól Kristjánsdóttir verkefnisstjóri. Verkefnisstjóri ber ábyrgð á skipulagningu, fjármálum, kynningu og framkvæmd Snorraverkefnisins og Snorra-plús. Einnig sér verkefnisstjóri um kynningu og ráðgjöf við Snorra West verkefnið. Meðan hóparnir eru hér á landi er hann tengiliður þeirra við ættingja, umsjónarmaður dagskrár og fararstjóri. Verkefnisstjóri hefur símavakt allan sólarhringinn í farsíma á meðan dvöl þeirra stendur. Ásta Sól er einnig framkvæmdastjóri Þjóðræknisfélags Íslendinga.

**Kynningarstarf 2016**

Undirbúningur að Snorraverkefnum 2016 hófst í september 2015 með hefðbundu kynningarstarfi.

Á árinu 2016 fór fram kynning á verkefnum á Þjóðræknisþingi Íslendingafélaganna í Norður Ameríku (INL of NA) en það var haldið í Vancouver í Bresku-Kólumbíu í lok aprílmánaðar. Formaður Snorrasjóðs, aðalmaður ÞFÍ í stórn og verkefnisstjóri sátu þingið. Þar var sett upp kynningarborð með veggspjöldum, einblöðungum og pennum merktum verkefninu. Gerð voru sérstök póstkort sem fóru í alla ráðstefnupakkana og efni var dreift til allra þeirra Íslendingafélaga sem sóttu þingið.

Ásta Sól Kristjánsdóttir sagði nokkur orð um verkefnið og Gail Einarson-McCleery sagði frá Snorra West verkefninu og kynnti væntanlega þátttakendur þess. Melissa Anderson (Snorri 2006) frá Coquitlam, Bresku-Kólumbíu sagði frá hvernig verkefnið hefði haft áhrif á líf sitt og tveir tilvonandi 2016-þátttakendur, Alissya Cartwright og Chris Cote frá Victoria, Bresku-Kólumbíu, lýstu frá væntingum sínum til verkefnisins. Reunion fyrrum þátttakenda í Snorraverkefninu og Snorra Plus var haldið á hótelinu og mættu einnig margir áhugasamir um verkefnin.

Verkefnisstjóri sá um auglýsingar og skipulagningu vegna Íslendingadagsins í Gimli og sá Sunna Olafson Furstenau um kynningu á August the Deuce í Mountain, Norður-Dakóta. Brad Hirst (Snorri 2002) og umsjónarmaður Íslenskra sumarbúða, sá um að finna fólk til að manna básinn í Icelandic Park í Gimli. Ekki varð af sumargrilli nemendasamband Snorra í ár.

Að öðru leyti fólst kynning á verkefninu í auglýsingum í fréttabréfum Íslendingafélaga víða í Norður-Ameríku, með að senda upplýsingar til forsvarsmanna og ritstjóra fréttabréfa félaganna, í Lögbergi-Heimskringlu og með auglýsingum á póstlistum ýmis konar og á Facebook. Lögð var áhersla á auglýsingar á Facebook, bæði keyptar og á síðum Íslendingafélaga, Lögbergs-Heimskringlu, Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og öllum síðum Íslendingafélaga og öðrum hópum tengdum áhuga á Íslandi.

## Umsóknarferli, framkvæmd og dagskrá

Umsóknarfrestur var auglýstur til 13. janúar 2016 og bárust 27 umsóknir.
Í kjölfarið var ákveðið að bjóða 16 ungmennum á aldrinum 19 – 28 ára að taka þátt og þáðu allir boðið nema einn og kom því einn þátttakandi inn af biðlista. Þannig hafa alls 288 tekið þátt í verkefninu frá upphafi.

*Þátttakendum verkefnisins sumarið 2016 var boðið upp á:*

- Ferðir til og frá Íslandi. *Icelandair* studdi verkefnið með því að veita afsláttarfargjöld, auk frímiða vegna kynningarstarfs.
- Víðtækar sjúkra-, slysa-, farangurs- og ábyrgðartryggingar.
- Allar ferðir til og frá slóðum forfeðra og –mæðra sinna á meðan svokölluðu fjölskyldu- og starfsþjálfunar tímabili stóð.
- Upplýsingar um ættir bæði forfeðra/-mæðra og núlifandi ættingja á Íslandi. Ættfræðiþjónustan var veitt í gegnum *Íslendingabók*.
- Húsnæði, fullt fæði og vasapening á Íslandi.
- Upplýsingapakka fyrir og við komu til landsins og ýmislegt fleira.
- Fjölbreytta dagskrá í 6 vikur sem skiptist í þrjá hluta:

I. Tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í samstarfi við *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – stofu Sigurðar Nordals*. Fjöldi góðra fyrirlesara var fenginn til að fræða ungmennin um íslenskt mál, sögu, samfélag, tónlist og ýmislegt fleira. Þátttakendur heimsóttu einnig mennta- og menningarmálaráðuneytið, Þjóðminjasafnið, Alþingi, Landsbankann, Sendiráð Kanada og sendiráð Bandaríkjanna, sýninguna Þögul leiftur í Hörpunni, auk Landnámssýningarinnar Aðalstræti.

II. Dvöl í þrjár vikur í heimabyggð forfeðra/-mæðra. Allir bjuggu hjá ættingjum í þrjár vikur nema tveir þátttakendur sem voru hjá ættingjum í einhverja daga og mynduðu tengsl. Allir tóku þátt í sumarstarfi/starfsþjálfun hjá fyrirtæki eða sveitarfélagi því svæði sem dvalið var á. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á dýpri hátt, þó án þess að taka vinnu frá öðrum.

III. Vikulöng landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem gist var í svefnpokaplássi og á tjaldsvæðum. Ferðin hófst á því að fara um Borgarfjörðinn í hellaskoðun en þaðan var keyrt á Hvammstanga og tjaldað. Næsta dag var farið í Drangey og þaðan til Hofsóss. Dvalið var þar í tvær nætur að vanda, sýningar Vesturfarasetursins skoðaðar í þaula, farið í sund og haldin kvöldvaka. Næst settu þátttakendur sig í spor Guðríðar Þorbjarnardóttur og sveitunga hennar og heimsóttu Glaumbæ í Skagafirði. Þaðan var brunað á vestfirðina, komið við á Galdrasafninu Hólmavík og tjaldað í Heydal, farið í kvöldreiðtúr og svo grillað. Daginn eftir var staldrað við í smá stund á Ísafirði og svo tekinn góð gönguferð

rétt hjá Þingeyri áður en komið var að fæðingarstað Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri í Arnarfirði. Þar var farið vel yfir söguna, safnið skoðað og hópnum boðið í vöfflu með rjóma. Nemendur fengu svo að gista í burstabænum. Keyrt var yfir Dynjandisheiði að morgni næsta dags og gengið upp fossinn Dynjanda. Baldur fór með hópinn yfir Breiðafjörð, gengið upp Helgafell frá gröf Guðrúnar Ósvífursdóttur og gist á Harbour Hostel í Stykkishólmi. Síðasta daginn var farið á Landnámssýninguna í Borgarnesi áður en útskriftarathöfn hófst á Northern Light Inn við Bláa Lónið og Snorrarnir útskrifaðir eftir kynningu á fjölbreyttum lokaverkefnum.

**Þátttakendur Snorraverkefnisins sumarið 2016 voru:**

| ***Nafn*** | ***Frá*** | ***Dvalið hjá ættingjum og starfað í/á:*** |
|---|---|---|
| Alyssa Dawn Cartwright | Victoria, Bresku-Kólumbíu, Kanada | Akureyri |
| Anders Gudmundsson | Burlington, Ontario, Kanada | Brekkukoti, Reykholti |
| Christopher Cote | Lethbridge, Alberta, Kanada | Dalsseli, Hvolsvelli |
| Gabrielle Johnson | Toronto, Ontario, Kanada | Borgarnesi |
| James Dillon Callahan Johnson | Canton, Georgia, Bandaríkjunum | Reyðarfirði |
| Jennifer Jean Graham | Edmonton, Alberta, Kanada | Egilsstöðum |
| Justin Douglas Gailey | Port Angeles, Washington, Bandaríkjunum | Geysi & Reykjavík |
| Katharine Lombardo Kopriva | Mansfield, Texas, Bandaríkjunum | Svefneyjar/Stykkishólmur |
| Kimberly J Miller | Edmonton, Alberta, Kanada | Selfoss |
| Laura Halliday | Toronto, Ontario, Kanada | Borgarnesi |
| Matthew Magnus McCurdy | Toronto, Ontario, Kanada | Tungulæk, Borgarnesi |
| Rebecca Rae Hayman | Kelowna, Bresku-Kólumbíu, Kanada | Akureyri |
| Sean Frederick Wurgler | Brooklyn Center, Minnesota, Bandaríkjunum | Löngumýri, Varmahlíð |
| Thomas Arnason McNeil | Halifax, Nova Scotia, Kanada | Tjörn, Dalvík |
| Veronica Taylor Sigurdson | Ottawa, Ontario, Kanada | Akureyri |
| Zoe Gellert | Red Deer, Alberta, Kanada | Reykjavík |

Framlag gitifjölskyldna og ættingja þátttakenda víðsvegar um landið er ómetanlegt. Þeirra framlag er mjög óeigingjarnt og ber að virða og þakka.

**Snorri Plús-verkefnið 2016**

Umsóknarfrestur stóð til 20. janúar 2016. Sextán sóttu um ein einn þátttakandi datt út og tóku því fimmtán einstaklingar á aldrinum 20 – 76 ára þátt. Þar af var einn þátttakandi að taka þátt í annað sinn, nú með systur sinni, frænda og mágkonu.
Á öðrum degi verkefnisins var boðið til móttöku á skrifstofu Norræna félagsins þar sem ættingjum og vinum var boðið að hitta þátttakendur og aðstandendur verkefnisins. Um 80-100 íslensk ættmenni mættu til að hitta ættingja sína frá Vesturheimi og voru flestir að hittast í fyrsta sinn. Allir þátttakendur fengu þannig tækifæri til að mynda tengsl við skyldmenni sín enda Íslendingar einstaklega jákvæðir og áhugasamir. Einnig hittu nokkrir ættingja sína á Akureyri, Vopnafirði, Egilsstöðum, Snæfellsnesi og á Suðurnesjum, auk þess sem stoppað var á upprunabæjum þátttakenda þar sem því var komið við en útbúið er kort með öllum bæjunum fyrir hvern og einn. Í fyrsta sinn var farið með Snorra Plus á austfirði og Vesturfaramiðstöð Austurlands.

Auk þessa var þátttakendum Snorra-plús boðið upp á:

I. Menningar- og helgardagskrá við komu – Náttúra og menning
II. Stefnumót við ættingja
III. Tengsl við atvinnulífið og/eða sérstök áhugamál ef óskað var
IV. Sjö daga ferð til austfjarða, svo Mývatns, Akureyri, Hofsóss og Búða á Snæfellsnsi
V. Útskriftarathöfn í Bláa lóninu og ýmis önnur þjónusta/afþreying

Líkt og með *Snorraverkefnið* er verkefnisstjóri á símavakt 24 tíma sólarhrings meðan á dvöl stendur og sér auk þess um hópinn frá komu til brottfarar. Heildarþáttakendafjöldi frá árinu 2003 - 2016 er 183 (þar af fjórir oftar en einu sinni).

**Þátttakendur Snorra-plús sumarið 2016 voru:**

| ***Nafn*** | ***Frá*** |
|---|---|
| Leslie Kristjanson Brown | Windsor, Ontario í Kanada |
| Valerie Burgess | Victoria, Bresku-Kólumbíu í Kanada |
| Samuel Burgess | Victoria, Bresku-Kólumbíu í Kanada |
| Nancy Doyle | Fort Nelson, Bresku-Kólumbíu í Kanada |
| Garth Lane | St. Albert, Alberta í Kanada |
| Diane Nelles | North Vancouver, Bresku-Kólumbíu í Kanada |
| James Morin | North Vancouver, Bresku-Kólumbíu í Kanada |
| Lora Kristine Olafson | Arborg, Manitoba í Kanada |

| | |
|---|---|
| Patrice Kristjana Odegard | Winnipeg, Manitoba í Kanada |
| Thomas Duffy | Calgary, Alberta í Kanada |
| Alfreda Duffy | Calgary, Alberta í Kanada |
| Karen Erickson | Winnipeg, Manitoba í Kanada |
| Larry Erickson | Winnipeg, Manitoba í Kanada |
| Dudley DeLeenheer | Vernon, Bresku-Kólumbíu í Kanada |
| Constance DeLeenheer | Vernon, Bresku-Kólumbíu í Kanada |

**Snorri West 2016**

Verkefnið hélt áfram undir stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (INL of NA) og eru nú ferðast til mismunandi staða á hverju ári (4 corridors). Þátttakendur flugu til Minneapolis og ferðuðust um Íslendingabyggðir í Minnesota og Norður-Dakóta þar sem tekið var þátt í August the Deuce. Einnig var farið til Manitoba og tekið þátt í Íslendingadeginum. Vel var tekið á móti þeim af Íslendingafélögum á hverjum stað.

Verkefnisstjóri Snorraverkefnisins á Íslandi kom að mótun dagskrár og sá um kynningarstarf, tók viðtöl við umsækjendur, sá um flugbókanir og annað í þeim dúr en Gail Einarson-McCleery í Toronto hefur yfirumsjón með verkefninu. Umsóknarfrestur rann út 19. febrúar og sóttu tólf um. Fjórum ungmennum var boðin þátttaka, einn hafnaði boðinu og tekið var inn af biðlista.

**Þátttakendur Snorra West sumarið 2016**

| ***Nafn*** | ***Frá*** |
|---|---|
| Gunnlaug Birta Þorgrímsdóttir | Búðardal |
| Sesselía Ólafsdóttir | Akureyri |
| Tómas Helgi Tómasson | Reykjavík |
| Vala Margrét Jóhannsdóttir | Kópavogi |

**Snorri Alumni Internship**

Snorrasjóður, í samstarfi við Þjóðræknisfélag Íslendinga, Vesturfarasetrið á Hofsósi, Kanadíska sendiráðið, Bandaríska sendiráðið og Icelandair, stóð fyrir verkefninu Snorri Alumni Internship í fyrsta sinn sumarið 2015. Verkefnið byggðist á því að gefa tveimur fyrrum Snorrum kost á dvöl hér á landi frá byrjun júní til síðla ágúst. Auglýst var eftir umsóknum um þátttöku og urðu Erika Rae Drake (Snorri 2015) frá Calgary í Kanada og Mallory Ann Swanson (Snorri 2011) frá St. Paul, Minnesota í Bandaríkjunum fyrir valinu.

Að lokinni vikudvöl í Reykjavík þar sem unnið var að undirbúningi að verkefnum fyrir sendiráðin fóru þær norður þar sem þær unnu sem sjálfboðaliðar á Vesturfarasetrinu á Hofsós í 9-10 vikur. Allir hlutaðeigandi aðilar hafa hug á að halda þessu verkefni áfram.

**Fjármögnun**
*Snorraverkefnið* er nú á öðru ári af þremur af samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti en verkefnið fær 3,0 milljónir króna á ári til reksturs verkefnisins. Þetta framlag skiptir sköpum fyrir verkefnið; framgang þess og þróun. Aðalstyrktaraðilar voru: Eimskip, Landsbankinn og JYSK (Rúmfatalagerinn í Kanada). Aðrir mikilvægir styrktaraðilar voru Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi og Icelandic Roots sem kom inn í fyrsta sinn. Ýmsir smærri styrkir bárust frá fyrirtækjum og stofnunum sem tóku þátttakendur í starfsþjálfun í þrjár vikur eða skemur og/eða veittu beint framlag á bilinu 15-200 þúsund krónur, samtals að upphæð 865 þúsund. Þeir voru eftirfarandi: Ensku húsin, Fljótsdalshérað, Seltjarnarnesbær, Icelandair Hotels á Akureyri, Harbour Hostel í Stykkishólmi og Labowski bar. Fría gistingu veittu Harbour Hostel og Hrafnseyri.

Þátttakendur hlutu víða styrki til þátttöku frá Íslendingafélagi í sinni heimabyggð. Þar má nefna Leifur Eiríksson félagið í Calgary, Norðurljós í Edmonton, Toronto klúbbinn og fleiri. Allir kanadísku þátttakendurnir hlutu styrk frá Canada-Iceland Foundation og nokkrir bandarísku þátttakandanna fengu veglegan styrk frá Guttormsson Family Foundation. Auk þess veitti Icelandic Roots, sem Sunna Pam Furstenau í Fargo, Norður-Dakóta í Bandaríkjunum stendur fyrir. Sá sjóður styrkir einna helst þá sem ekki eiga möguleika á styrkjum úr öðrum sjóðum.

**Kostnaður**
Afkoma ársins 2016 var í heildina hagstæð fyrir Snorrasjóð. Heildarkostnaður við Snorraverkefnið nam rúmlega 17 milljónum króna en gjöld voru 14,5 milljónir. Munur á tekjum og gjöldum voru um 2,6 milljónir króna og skýrist tapið á lægra gengi Kanada- og Bandaríkjadals. Á móti kom að tekjur fyrir Snorra-plús verkefnið voru rúmar 3 milljónir króna og voru tekjur Snorrasjóðs í heild því um 840 þúsund krónur. Líkt og áður var aðhald í fjármálum haft í fyrirrúmi og þeir liðir sem hækkuðu komu til vegna verðlagshækkana í þjóðfélaginu.

**Mat á framkvæmd verkefna árið 2016**
Þátttakendur allra verkefna voru ánægðir með dvöl sína. Með þátttöku í *Snorraverkefninu* kynnist unga fólkið daglegu lífi og menningu, m.a. með því að dvelja hjá ættingjum sínum, og bindast traustum böndum sem koma til með að vara ævilangt.
Verkefnið stóð frammi fyrir nokkrum áskorunum með hópinn en þrátt fyrir það voru allir þátttakendur í hópnum vel gerðir einstaklingar. Viðlíka gerðist sumarið 2006. Allt leystist vel og var ákveðið að endurskoða reglur og þær gerðar skýrari. Landkynningarferðin í lokin gekk vel og veðrið lék við Snorrana allan tímann. Þátttakendur munu halda áfram að ljúka íslenskunámskeiði fyrir komu og gera verkefni í lok dvalar.

Það sama á við um *Snorra-plús* og skipta tengsl við ættingja og atvinnulífið sköpum.

Verkefnið á fjölskyldum víðsvegar um landið mikið að þakka fyrir alúðlegt viðmót í garð frænda sinna og frænkna, jafnt ungra sem aldna og hefur þetta mikið að segja um það að þátttakendur kynnast landi og þjóð mun betur en hinn hefðbundni ferðamaður.

Þrátt fyrir jákvæða afkomu þarf Snorrasjóður að tryggja áframhaldandi fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og reyna að fá fleiri stærri styrktaraðila. Það þarf ekki síður að huga betur að kynningarstarfi og stuðla að eflingu verkefnisis jafnt innan sem utan Íslendingafélaganna í Vesturheimi. Þess fyrir utan er mikilvægt að hafa starfsmann í fullu starfi allt árið um kring og á álagstímum getur verið nauðsynlegt að kalla til auka fólk, m.a. til að hafa samband við ættingja. Verkefnin eru unnin af mikilli alúð og áralangri reynslu verkefnisstjóra þess.

# THE SNORRI FOUNDATION

## STIKLUR ÚR STARFI ÁRSINS 2016

Snorraverkefnið er samstarfsverkefni Norræna félagsins (NF) og Þjóðræknisfélags Íslendinga (ÞFÍ) á Íslandi. *Snorrasjóður,* sjálfseignarstofnun, var stofnaður árið 2002. Stjórn hans er kosin til tveggja ára í senn, síðast í desember 2014 og þar sitja: Halldór Árnason, formaður (sameiginlegur fulltrúi), Úlfur Sigurmundsson (aðalmaður NF), Eydís Egilsdóttir (aðalmaður ÞFÍ), Ásdís Eva Hannesdóttir (varam. NF), Ástrós Signýjardóttir (varam. ÞFÍ), Gísli Rúnar Gíslason (fulltrúi Snorri Alumni) og David Gislason (fulltrúi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi).

### 1. THE SNORRI PROGRAM



Verkefnið bauð 16 ungmennum á aldrinum 18-28 ára til þátttöku í 6 vikna dagskrá sem skiptist í tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík, þriggja vikna dvöl hjá ættingjum á landsbyggðinni ásamt starfþjálfun og viku landkynningarferð. Ungmennin voru valin úr 27 manna umsækjandahópi og voru flestar þeirra frambærilegar.

Þátttakendur dvöldu allir hjá ættingjum allan eða hluta tímans og dreifðust um landsbyggðina. Einn þátttakandi dvaldi í Reykjavík. Lokaverkefni þeirra voru fjölbreytt og allt í senn fyndin, hjartnæm ásamt því að lýsa djúpstæðri reynslu.

Undirritaður var nýr samningur til þriggja ára við mennta- og menningarmála-ráðuneyti upp á 3 milljónir króna á ári í byrjun árs 2015. Aðrir aðalstyrktaraðilar eru Landsbankinn, Eimskip, Icelandair, Jysk (Rúmfatalagerinn í Kanada) og Icelandic Roots. Ýmis sveitarfélög og fyrirtæki veita smærri framlög og taka á móti þátttakendum í starfsþjálfun.
Verkefnið hefur mikið samfélagslegt gildi og hefur áhrif á líf tuga fólks á ári hverju.

Heildarþátttakendafjöldi Snorraverkefnisins 1999-2016: **288**

### 2. SNORRI PLUS



*Snorri-plús* er fyrir fólk af íslenskum ættum frá Norður-Ameríku sem er fyrir 30 ára og eldri, maka þeirra og vini. Lögð er mikil áhersla á tengingu við ættingja, menningu Íslands og tengsl við atvinnulífið og sérstök áhugamál fyrir þá sem þess óska. Dvalið er í Reykjavík í eina viku og úti á landi hina vikuna. Allur kostnaður við verkefnið greiðist af þátttökugjöldum.

Þátttakendur 2016 voru 20 (þar af einn í annað sinn) og var í fyrsta sinn ferðast með hópinn austur.

✓ Heildarþátttakendafjöldi SP 2003-2016: **178**

**3.** SNORRI WEST



*Snorri West* er tækifæri fyrir unga Íslendinga á aldrinum 18 – 28 ára til að taka þátt í fjögurra vikna dagskrá í Norður-Ameríku. Verkefnið var tekið yfir af the Icelandic National League í Vesturheimi árið 2012 og hefur verið rekið í samvinnu við Íslendingafélög á mismunandi stöðum síðan. Verkefnið er kynnt af verkefnisstjóra Snorraverknefisins en styrkt af aðilum vestanhafs og Icelandair.

Árið 2016 var fjórum boðið að taka þátt af 10 umsækjendum, eða þremur stúlkum og einum dreng. Ferðast var aftur til Minnesota, Norður-Dakóta og Manitoba.

Heildarþátttakendafjöldi Snorra West 2001-2016: **79**

**4. Snorri Alumni Internship**

Snorrasjóður, í samstarfi við Þjóðræknisfélag Íslendinga, Vesturfarasetrið á Hofsósi, Kanadíska sendiráðið, Bandaríska sendiráðið og Icelandair, stóð fyrir verkefninu Snorri Alumni Internship í fyrsta sinn sumarið 2015. Verkefnið byggðist á því að gefa tveimur fyrrum Snorrum kost á dvöl hér á landi frá byrjun júní til síðla ágúst. Auglýst var eftir umsóknum um þátttöku og sóttu 11 um að taka þátt. Umsækjendur frá Bandaríkjunum voru almennt frambærilegri.



Sumarið 2016 voru eftirfarandi valdar til þátttöku, en allir samstarfsaðilar tóku þátt í mati umsókna: Mallory Swanson frá St. Paul, Minnesota (Snorri 2011) og Erica Drake frá Calgary (Snorri 2015).
Að lokinni vikudvöl í Reykjavík þar sem unnið var verkefni fyrir sendiráðin fóru þær norður þar sem þær unnu sem sjálfboðaliðar á Vesturfarasetrinu á Hofsósi í tíu vikur.

Heildarfjöldi þátttakanda 2015-2016: **4**

R1710 0 055

2121

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| Málsnúmer | **P-2017-09-22-0043** |
| Nafn umsækjanda | Félag eldri borgara |
| Kennitala | 4904863999 |
| Heimilisfang | Stangarhyl 4 |
| Netfang | feb@feb.is |
| Póstnúmer | 110 |
| Staður | Reykjavík |
| Símanúmer 1 | 5882111 |
| Símanúmer 2 | 8980276 |
| Nafn ábyrgðarmanns | Félag Eldri Borgara |
| Kennitala ábyrgðarmanns | 4904863999 |
| Heimilisfang ábyrgðaraðila | - Stangarhylur 4, |
| Póstnúmer ábyrgðaraðila | - 110 |
| Netfang ábyrgðaraðila | - |
| Símanúmer ábyrgðaraðila | - 588-2111 |
| Hlutverk ábyrgðaraðila | CEO |
| Banki | - 0133 Landsbanki |
| Höfuðbók | - 26 |
| Reikningsnúmer | - 3999 |

## Lýsing á verkefni

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis | - Félagsstarf |
| Verkefnið í hnotskurn | - Námskeið og kynningar |
| Verkefnislýsing | - Hagsmunagæsla |
| Sótt er um verkefni á sviði | Ekkert valið Félagsmálasvið R.borg |
| Markmið | - Tryggja félagsmönnum upplýsandi ~~sam~~stundir |
| Hverjir hafa helst hag af styrknum? | Ekkert valið 11. þús félagsmenn |
| Hverjir munu vinna að verkefninu? | Ekkert valið Félagsmenn og starfsfólk FEB |
| Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun) | - Já |
| Hvernig fellur verkefnið | - |

að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? öllum sem er tryggð aðkoma og þáttaka

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?
- Þörf ört stækkandi hópar eldri borgara

Verk- og tímaáætlun verkefnisins
- 2017 - 2018

## Verkþættir og fjármögnun

### Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
| --- | --- |
| námskeið | 5265.000 \| Ísl. sögur - Zumba - Skapandi skrif o.fl. |
| menning | 1590.000 Menningarviðburðir - söng - ganga o.fl. |
| | |

Samtals 6.855.000

### Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
| --- | --- |
| námskeið | 3.457.000 - Námsk. Ísl-sögur - skapandi skrif o.fl. |
| menning | 370.000 Menningaviðburðir |
| | 3 |

Samtals 3827.000

Upphæð sem sótt er um: 3.000.000 -

### Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

| Fjármögnununaraðili | Upphæð |
| --- | --- |
| | 0 |
| | 0 |
| | 0 |

Samtals
0

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum? Nei

| Styrkveitandi | Upphæð |
| --- | --- |
| | |
| | |
| | |

Samtals 0

## Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg -

| | | |
|---|---|---|
| **áður synjað verkefni umsækjanda?** | | |
| **Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** | - | Já<br>2016<br>2.000.000 |
| **Annað sem umsækjandi vill taka fram** | - | |

Það var búið að loka fyrir umsóknir á vefnum. Svo að við sendum umsóknina í tölvupósti. Biðjumst velvirðingar á því.

Kveðja Kristín

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 19.mars 2018

# Umsögn

Viðtakandi: Bjarni Þóroddsson, skrifstofa borgarstjórnar
Sendandi: Þórhildur Egilsdóttir, skrifstofa velferðarsviðs

---

***Efni: Umsögn um styrkumsókn Félags Eldri Borgara úr Borgarsjóði fyrir árið 2018***

Starfsemi sú sem rekin er á vegum Félags Eldri borgara, bæði félagsstarf og hagsmunagæsla félagsins eru mikilvæg þegar þróa á úrræði fyrir þennan ört vaxandi aldurshóp. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur verið í samstarfi við Félag eldri borgara til margra ára og er félagið einn af helstu bakhjörlum sviðsins þegar kemur að notendasamráði í málefnum er snerta eldri borgara. Gott samstarf við þá og aðkoma þeirra að skipulagi þjónustu er dýrmætt fyrir alla. Samvinnan skilar sér ekki bara til eldri borgara sem hafa þörf fyrir fjölbreytta þjónustu heldur líka til starfsfólks og aðstandenda. Í stefnu í málefnum eldri borgara frá árinu 2018-2022 er lögð áhersla á að efla félagsauð í hverfum með því að stuðla að þátttöku borgarbúa og samstarfi allra hagsmunaaðila. Sérstaklega skal horft til þess að virkja þátttöku eldri borgara sem eru félagslega einangraðir og þurfa hvatningu og stuðning. Starfsemi Félags eldri borgarar er ómissandi þáttur í þeirri vinnu.

Virðingarfyllst

Þórhildur Egilsdóttir
deildarstjóri velferðarsviði